


# LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 1. TBL. 19. ÁRG. 2013



RAFRÆNT  
RÉTTARFAR



SIGUR  
LÖGFRÆÐINNAR



## Af vettvangi félagsins

Árni Helgason: Leiðari	4
Ingimar Ingason: Innanríkisráðuneytið neitar að hækka tímagjald lögmanna	6
Ingimar Ingason: Samanburður við Norðurlönd	6
Ingimar Ingason: 1001 félagsmaður í LMFÍ	8
Jónas Þór Guðmundsson Pistill formanns	22

## Umfjöllun

Eyrún Ingadóttir: Rafrænt réttarfar	10
Viðtal við Ólöfu Finnsdóttur: Leiðarljósið í framtíðina	14
Viðtal við Hlyn Halldórsson: Myndi auka málshraða og réttaröryggi	15
Viðtal við Tryggva Viggósson: Stöndum vaktina fyrir lögmenn	16
Sigur lögfræðinnar í Icesavemálinu	24
Haukur Örn Birgisson: Úr klakaböndum Icesave	28
Dómkvaddir matsmenn	30
Ingimar Ingason: Minnkandi aðsókn við lagadeildir bandarískra háskóla	32

## Aðsent efni

Guðmundur B. Ólafsson: Ráðningarsamningar og fíkniefnapróf	33
---	----

## Á léttum nótum

Þúsundasti félagsmaður LMFÍ	9
Dramatískt jólasnapsmót	18
Af Merði lögmanni	20

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: lmfi@lmfi.is  
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:  
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:  
Haukur Örn Birgisson hrl.,  
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,  
Þyrí Halla Steingrímsdóttir hrl. og  
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:  
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:  
Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður  
Borgar Þór Einarsson hdl., varaformaður  
Óskar Sigurðsson hrl., ritari  
Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl., gjaldkeri  
Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.,  
meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:  
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild  
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari  
Anna Lilja Hermannsdóttir, lögfræðingur

FORSÍÐUMYND:  
Gróa Björg Baldvinsdóttir hdl. varð  
þúsundasti félagsmaður LMFÍ. Mynd  
Eyrún Ingadóttir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
arni@cato.is

PRENTVINNSLA:  
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Öflun ehf.  
Sími 533 4440  
ISSN 1670-2689



STEFNAN RÆÐUR  
ÁFANGASTAÐNUM

## VÖNDUÐ EIGNASTÝRING STJÓRNAST AF MARKMIÐUM VIÐSKIPTAVINARINS

Einkabankaþjónusta Arion banka veitir einstaklingum, fyrirtækjum, sjóðum og stofnunum víðtæka fjármálaþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins.

- Þinn eigin viðskiptastjóri sem mótar með þér fjárfestingarstefnu og sér um þitt eignasafn.
- Sterk tengsl við viðskiptastjóra með símtölum, tölvupósti og reglulegum fundum sé þess óskað.
- Ítarlegt yfirlit um stöðu og ávöxtun á þriggja mánaða fresti.
- Öll almenn bankaþjónusta á hagstæðum kjörum.

Pantaðu viðtal við viðskiptastjóra í síma **444 7410** eða sendu póst á [einkabankathjonusta@arionbanki.is](mailto:einkabankathjonusta@arionbanki.is) og komdu þínum fjármálum í hagstæðari farveg.

ARION EINKABANKAÞJÓNUSTA

ÁRNI HELGASON HDL.



# Réttarfarssektir og staða verjenda

Í NÓVEMBER Á síðasta ári féll í Hæstarétti dómur í máli nr. 710/2012 sem er afar umhugsunarverður hvað varðar störf lögmanna, einkum verjenda.

Í málinu hafði úrskurður héraðs-dómara um að sakborningur skyldi sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi verið kærður til Hæstaréttar. Í dómi réttarins var úrskurðurinn staðfestur en jafnframt var verjenda gerð réttarfarssekt með þeim rökstuðningi að í fyrri dómum í málinu hefði komið fram að engin ný atvik hefðu gerst sem „réttlætt gæti að hinum kærða úrskurði yrði skotið til Hæstaréttar“ og að í samræmi við það hefði verið tekið farm að kæra úrskurðarins hefði með öllu verið að ófyrirsynju. Svo segir í dómi réttarins:

*„Þrátt fyrir þetta hefur úrskurður um framlengingu gæsluvarðhalds til Hæstaréttar enn á ný verið kærður af hálfu varnaraðila án þess að í greinargerð verjenda hans sé að finna nokkra ástæðu til slíks málskots að undangengnum ádurnefndum dómum Hæstaréttar. Er kæra úrskurðarins því algjörlega tilefnislaus og verður verjenda varnaraðila því gert að greiða 100.000 krónur í sekt í ríkissjóð samkvæmt 5. mgr. 223. gr. laga nr. 88/2008.“*

Niðurstaðan, eins og hún er framsett í dómi Hæstaréttar, sætir furðu en á því virðist byggt að lögmaðurinn hafi ekki haft tilefni til að kæra úrskurð í málinu og gengur dómurinn nokkuð langt í

að leggja mat á hvort tilefni hafi verið til kærunnar. Þá er sú niðurstaða að sekta lögmanninn fyrir að kæra málið að tilefnislausu gagnrýniverð.

Hafa verður í huga að dómurinn fjallar um gæsluvarðhald, það úrræði sem er hvað mest íþyngjandi í garð borgaranna enda er þeim gert að sitja í fangelsi á grundvelli grunsemda og án þess að hafa fengið dóm þess efnis. Þá virðist af orðalagi dómsins að dæma það vera takmörkunum háð hvenær tilefni sé til þess að kæra slíka úrskurði.

Í málinu hafði sakborningur í eitt skipti verið úrskurðaður í gæsluvarðhald á grundvelli rannsóknarhagsmuna en í sex skipti þar á eftir hafði gæsluvarðhald verið framlengt á grundvelli þess að „sterkur grunur“ léki á því að sakborningur hefði framið brotið. Það hve algengt er að gæsluvarðhald sé framlengt ítrekað í málum sem þessum er reyndar sjálfstætt umhugsunarnefni, enda er með því búið að snúa við grundvallarreglunni um að enginn sæti fangelsisvistar án dóms og það í þokkabót á grundvelli matskennds orðalags í lagaákvæðinu um að brotið „sé þess eðlis að ætla megj varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna“.

Öll rök hníga að því að sakborningur í þessari stöðu eigi ávallt að hafa ríkan rétt á að fá úrskurð um gæsluvarðhald endurskoðaðan og yfirfarinn af æðra

dómi. Nýlega var íslenska ríkið dæmt bótaskyldt vegna þess að sakborningur, sem síðar var sýknaður í sakamáli, hafði verið í gæsluvarðhaldi svo mánuðum skipti.

Hver úrskurður um gæsluvarðhald hlýtur að byggja á sjálfstæðu mati á því hvort skilyrðin séu fyrir hendi og mat á því getur breyst, t.d. við það eitt að lengra hafi liðið frá meintu broti en áður. Réttur sakborningsins til þess að kæra úrskurð um gæsluvarðhald getur ekki verið minni, þótt ítrekað sé búið að framlengja gæsluvarðhaldið, heldur ætti hann þvert á móti að vera ríkari.

Sú staða sem lögmenn eru settir í miðað við þetta fordæmi Hæstaréttar er umhugsunarverð. Sakborningur í gæsluvarðhaldi kann að krefjast þess við sinn verjanda að hann láti á það reyna hvort skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi séu fyrir hendi með kæru til Hæstaréttar. Á lögmaðurinn þá að hafna þeirri kröfu, eftir að úrskurðað hefur verið um gæsluvarðhald í nokkur skipti, á grundvelli þess að hann geti ekki tekið áhættuna á því að fá réttarfarssekt frá dómnum?

Slík staða er óviðunandi fyrir verjendur og vinnur gegn því að sakborningar njóti réttlátrar málsmeðferðar.

# Með Allianz auka lífeyristryggingu getur þú fengið 100% af launum þínum við starfslok.

Með lögbundnum skyldulífeyri, Allianz viðbótarlífeyri og auka lífeyristryggingu getur þú tryggt þér 100% af launum þínum við starfslok.

Tryggir þína framtíð

**Allianz** 

# Samanburður við Norðurlönd

## Fjórfalet fleiri lögmenn á Íslandi en í Finnlandi

Séu tölur um fjölda lögmanna á Norðurlöndunum skoðaðar miðað við fjölda íbúa, þá er hlutfallið langhæst hér á landi eða 1 lögmaður á hverja 319 íbúa. Í Noregi er hlutfallið 1 á hverja 630 íbúa, í Danmörku 1 á móti 947, í Svíþjóð 1 á móti 1.810 og í Finnlandi er 1 lögmaður á hverja 2.766 íbúa. Eins og glöggst má sjá af þessu tölum, þá eru rúmlega fjórfalet fleiri lögmenn hér á landi miðað við Finnland, sé miðað við íbúafjölda.

## Skylduendurmenntun lögmanna

Íslenskir lögmenn eru þeir einu á Norðurlöndunum sem ekki er gert skylt að sækja sér endurmenntun. Útfærsla á skylduendurmenntun lögmanna á hinum Norðurlöndunum er nokkuð mismunandi en fjöldi tíma eða eininga er þó nánast sá sami. Þannig þurfa finnskir og sænskir lögmenn að ljúka 18 tíma endurmenntun ár hvert en í Danmörku er tímafjöldinn miðaður við þriggja ára tímabil þar sem lögmenn þurfa að ljúka 54 tíma endurmenntun. Í Noregi er fjöldi

tíma 80 en norskir lögmenn hafa 5 ár til að ná þessum tímafjölda.

## Starfsreynslu krafist af lögmannsefnum

Við skoðun reglna um skilyrði aðildar að lögmannafélögum á Norðurlöndunum kemur í ljós að sama krafa er almennt gerð hvað varðar tímalengd og samsetningu laganáms, þ.e. þess er krafist að lögmannsefni hafi lokið bæði BA og ML gráðum, sem alla jafna tekur 5 ár að afla. Allsstaðar er lögmannsefnum gert að ljúka sérstakri prófraun til öflunar málflutningsréttinda, sambærilegri þeirri sem ljúka þarf hér á landi. Hins vegar eru nokkuð mismunandi kröfur gerðar milli landanna varðandi starfsreynslu, þ.e. tíma sem lögmannsefni þurfa að starfa á lögmannsstofu, hjá dómstólum eða á öðrum viðurkenndum stöðum áður en hlutaðeigandi getur reynt við prófraunina. Þannig er krafist 4 ára starfsreynslu í Finnlandi, 3 ára í Svíþjóð og Danmörku og 2 ára í Noregi. Auk þessa þurfa lögmannsefni í Noregi að ljúka þremur prófmálum og dönsk lögmannsefni einu máli til að öðlast málflutningsréttindi. Hér á landi er

aðeins gerð krafa um að lögmannsefni aðstoði lögmann við undirbúning máls. Ekki er gerð krafa um prófmál í Finnlandi eða Svíþjóð en hins vegar þurfa sænsk lögmannsefni að leggja fram formleg meðmæli frá lögmönnum, dómurum eða embættismönnum sem þeir hafa starfað hjá. Telji sænska lögmannafélagið slík meðmæli ekki fullnægjandi getur félagið neitað viðkomandi um aðild en heimilt er að skjóta slíkri höfnun til dómstóla og eru nokkur slík mál rekin ár hvert.

## Árgjöld lögmannafélaga

Umtalsverður munur er á milli lögmannafélaganna á Norðurlöndunum þegar kemur að fjárhæð árgjalda. Eins og félagsmönnum í Lögmannafélagi Íslands er sjálfsagt kunnugt, nemur árgjald til félagsins nú kr. 42.000. Til samanburðar greiða norskir og sænskir lögmenn tæplega kr. 118.000 til sinna félaga, danskir lögmenn rúmar kr. 140.000 og finnskir lögmenn ríflega kr. 183.000 eða rúmlega fjórfalet hærri fjárhæð en félagsmenn LMFÍ greiða til félagsins.

II

# Innanríkisráðuneytið neitar að hækka tímagjald lögmanna

Nýlega hafnaði innanríkisráðuneytið ítrekaðri beiðni Lögmannafélagsins um hækkingu tímagjalds vegna vinnu lögmanna við verjenda- og réttargæslustörf en tímagjaldið hefur verið óbreytt frá gildistöku reglugerðar nr. 715/2009, eða kr. 10.000,- auk vsk. Reyndar var tímagjaldið lækkað með gildistöku umræddrar reglugerðar úr kr. 11.200,- auk vsk. og hafði þá staðið óbreytt frá árinu 2007.

Sú afstaða ráðuneytisins að

hækka ekki tímagjald í þessum málaflokkum veldur verulegum vonbrigðum enda endurspeglar það á engan hátt raunverulegan kostnað lögmanna og vinnu í þessum málum. Ásættanleg greiðsla fyrir verjenda- og réttargæslustörf er að mati Lögmannafélagsins grundvallarforsenda þess að tryggt verði að réttur sakaðra manna og brotaþola til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi sé virkur og í samræmi við 70. gr. stjórnskrárárinnar

og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur hefur verið hér á landi. Í þessu samhengi er athyglisvert að skoða samanburð tímagjalds í verjenda- og réttargæslumálum hér á landi við þóknun lögmanna fyrir sambærileg störf á hinum Norðurlöndunum. Þannig er tímagjaldið án vsk. kr. 17.500,- í Finnlandi, kr. 22.200,- í Noregi, kr. 25.200,- í Svíþjóð og kr. 38.700,- í Danmörku.

II

*Le Premier Ministre de Sa Majesté  
le Roi d'Islande et de Danemark*

*prie les autorités compétentes de laisser librement avec ses bagages*

*le sujet islandais*

*Envoyé*

REYKJAVÍK • LONDON

**LOGOS**

Lögmansþjónusta síðan 1907

## FYRST OG FREMST

Ný skýrsla Chambers and Partners staðfestir yfirburði LOGOS á sviði lögmansþjónustu á Íslandi. Chambers and Partners leggur mat á þjónustu lögmannsstofa um víða veröld til að auðvelda fyrirtækjum að finna heppilega samstarfsaðila. Í nýrri skýrslu þessa virta greiningaraðila er bestu íslensku lögmannsstofunum að vanda raðað í þrjú sæti eftir styrkleika á sex lykilsviðum.

Skemmst er frá því að segja að LOGOS er í efsta sæti á öllum sviðum og fá lögmenn stofunnar glæsilega umsögn. Við þökkum hrósið, staðráðin í að veita áfram framúrskarandi þjónustu.




No. 2

*Pour Le Premier Ministre*

*L.P.A.*  
*Stefan Þórðarson*

*Valable jusqu'au 20 août 1940*

# 1001 félagsmaður í LMFÍ




Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.


Í ÁRSBYRJUN 2013 náði Lögmannafélag Íslands þeim merka áfanga að fjöldi félagsmanna fór yfir 1000 í fyrsta sinn. Félagsmenn eru nú 1001 og hefur þeim fjölgað um 33 frá sama tíma á síðasta ári eða um 3,4 %.

Af þessum 1001 félagsmanni eru héraðsdómslögmennt 710 og hæstaréttarlögmennt 291. Alls eru 453 lögmennt sjálfstætt starfandi og 217 lögmennt starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Innanhússlögmennt hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum eru 289 talsins, þar af 92 hjá ríki eða sveitarfélögum og 197 starfa hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmansstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum er 42 talsins.

Af félagsmönnum í Lögmannafélaginu eru 292 konur. Þar af eru 37 hæstaréttarlögmennt. Sjálfstætt starfandi konur í lögmannastétt eru 89 talsins og 87 starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 114 konur sem innanhússlögmennt, þar af 39 hjá ríki eða sveitarfélögum og 75 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Þá eru 2 konur hættar störfum. Þess má geta að af



Fjölgun félagsmanna í Lögmannafélagi á tímabilinu 2004-2013.



Skipting kvenna í LMFÍ eftir því hvar þær starfa.





# Þúsundasti félagsmaður LMFÍ


FRÁ ÞVÍ Í HAUST hefur starfsfólk LMFÍ fylgst náið með félagatalinu til að sjá hver yrði félagsmaður númer 1000. Í byrjun þessa árs kom svo að því og það reyndist vera Gróa Björg Baldvinsdóttir hdl. hjá Landslögum. Gróa, sem er fædd árið 1985, lauk mastersgráðu við lagadeild Háskólans í Reykjavík vorið 2011 og sótti hdl. námskeið síðastliðið haust. Hún hefur unnið á lögmannsstofunni Landslögum frá hausti 2011.



Jónas Þór Guðmundsson hrl. formaður LMFÍ færði Gróu gjöf í tilefni þess að hún er félagsmaður númer 1000.

heildarfjöldi félagsmanna eru konur nú 29,2%, samanborið við 22% árið 2004.


Af félagsmönnum í Lögmannafélaginu eru 709 karlar. Þar af eru 254 hæstaréttarlögmenn. Sjálfstætt starfandi karlar í lögmannastétt eru 364 og 130 félagsmenn starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 175 karlar sem innanhússlögmenn, þar af 53 hjá ríki eða sveitarfélögum og 122 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum. Þá eru 40 karlar hættir störfum.



Skipting karla í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

## Konur 72% þátttakenda á hdl. námskeiði vorsins

Í febrúar s.l. hófst námskeið til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður og eru 39 lögfræðingar skráðir á það. Að auki þreyta 36 þátttakendur af fyrri námskeiðum próf í einstökum greinum. Athygli vekur að af 39 þátttakendum eru 28 konur að þessu sinni eða 71,8% en þetta er í fyrsta skipti síðan námskeiðin hófust að konur eru fleiri en karlar.



Álls hafa 689 lögfræðingar lokið námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður á þeim þrettán árum sem þau hafa verið haldin. Þar af eru 387 karlar (56,2%) og 302 konur (43,8%).

# Rafrænt réttarfar



Við rafræna undirskrift þarf að notast við kort og lykilorð.

Í FRAMTÍÐINNI MUNU regluleg dómping heyra sögunni til og lögmenn senda mál til þingfestingar með rafrænum hætti. Lögmenn verða með eigið heimasvæði á heimasíðu dómstóla þar sem öll samskipti milli þeirra og dómara fara fram. Þannig verða mál þingfest, skjöl undirrituð, beiðnir um fresti afgreiddar og málgögn lögð fram. Eigi málsaðilar ekki heimangengt gæti þinghald allt eins farið fram í

gegnum mynd og í eina skiptið sem dómara hittu málsaðila væri við aðalmeðferð máls. Þegar dómur liggur fyrir geta lögmenn málsaðila horft á dómurinn kveða upp dóminn í tölvunni ásamt skjólstæðingum sínum á skrifstofu sinni, Bahamas eða hvar sem er í heiminum.

Er þetta framtíð rafræns réttarkerfis? Hvar erum við stödd í tæknivæðingu dómstólanna? Lögmanna- blaðið velti fyrir sér með hvaða hætti tölvutæknin komi inn í störf dómstóla í náinni framtíð, hvort hún stuðli að lækkun kostnaðar við rekstur dómskerfisins og geri málsmeðferð ódýrari og skilvirkari.

lögmenn að láta ljósrita gögnin upp á nýtt þar sem leggja þarf öll gögn fram að nýju.

## Innbundin máls skjöl

Þegar málum er áfrýjað til Hæstaréttar þarf lögmaður að fá vitnaleiðslur og aðilaskýrslur frá héraðsdómi og kaupa ritara til að slá þær inn orðrétt. Þessi gögn þurfa síðan að fara til Hæstaréttar í sjö eintökum. Jafnframt þarf að útbúa svokölluð ágríp og efnisyfirlit og láta binda inn með ákveðnum hætti. Lögmenn sem Lögmanna- blaðið ræddi við veltu fyrir sér hvort ekki væri tímabært að láta munnlegan málflutning fara til Hæstaréttar í mynd þannig að dómara gætu horft á málflutninginn. Að minnsta kosti væri gott að geta afhent málgögn rafrænt en einn þeirra hæstaréttarlögmanna sem Lögmanna- blaðið ræddi við kvaðst oft vera hugsí þegar hann útbyggir málgögn fyrir Hæstarétt upp á fleiri tugi bladsíðna, léti ljósrita þau og binda inn, þar sem svo miklu betra væri fyrir dómara að fá skjölin rafrænt. Það þýddi að þeir gætu nýtt sér þá tækni að leita að efnisorðum í skjölunum, merkja inn mikilvæga kafla í stað þess að sitja með innbundið hefti, reglustiku og penna í hönd.



Verða spjalddölvur orðnar staðalbúnaður hjá dómurum innan skamms?

## Ljósritunarvélin þarfasti þjónninn?

Á tímum háhraða nettenginga og spjalddölvu er ljósritunarvélin ennþá þarfasti þjónninn lögmanna. Þegar eru lögð fyrir héraðsdómstólana þurfa lögmenn að skila gögnum inn í frumriti, einu afriti til dómarsins auk þess að ljósrita þau fyrir lögmenn gagnaðila. Ef dómurinn er fjölskipaður þarf einnig að skila eintaki á hvern dómara. Vísi Hæstiréttur máli aftur heim í hérað þurfa

Lítill sem engin umræða hefur verið í gangi um breytingar á núverandi vinnulagi Hæstaréttar enda þyrfti að breyta lögum til að taka við munnlegum málflytningi frá héraðsdómi sem og að taka við skjölum rafrænt. Að sögn Þorsteins A. Jónssonar, skrifstofustjóra, er nóg geymslupláss fyrir gögn í Hæstarétti: „Við geymum eitt eintak af hverju máli í skjalageymslu réttarins og þurfum að geyma þau í 30 ár áður en Þjóðskjalasafnið tekur við þeim. Til þess höfum við nóg pláss enda er skjalamagnið minna en menn halda,“ sagði hann. Staðan er verri í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem hver kytra er nýtt til geymslu málgagna. Til stóð að setja fjármagn í grisjun þeirra á þessu ári en sú framkvæmd lenti undir niðurskurðarhnífnum.



Skjalageymslur Héraðsdóms Reykjavíkur eru fullar svo til vandræða horfir.

## Rafrænt réttarkerfi í nágrannalöndum

Norðmenn og Svíar eru mun lengra komnir en Íslendingar í að tölvuvæða sitt réttarfar. Í Noregi vinna dómara meira og minna með rafræn gögn og hafa m.a. um nokkurt skeið tekið á móti öllum gögnum frá ákærvaldinu í rafrænu formi auk þess sem þeir úthluta sakamálum til dómara á sama hátt.

Sænskir dómstólar taka sömuleiðis rafrænt á móti öllum gögnum ákærvaldsins og eru að þróa kerfi sem ætlað er að taka við gögnum frá lögmönnum á sama hátt. Þá hafa þeir látið útbúa fullkomið upptökakerfi í máli og mynd fyrir skýrslutökur í dómsmálum sem

vistast rafrænt sem hluti málgagna. Upptökurnar eru svo nýttar ef máli er áfrýjað til æðra dómstigs. Þá styðjast þeir einnig við fjarfundabúnað, t.d. við framlengingu gæsluvarðhalds þannig að ekki er þörf á að flytja fanga um langan veg til að koma fyrir dómara. Slíkt kerfi er ákaflega dýrt og ekki fyrir séð að það komi í bráð á Íslandi.

Þegar Lögmannafélagið fór í námsferð til Eistlands árið 2010 fannst þátttakendum mikið til koma hversu tæknivæddir dómstólarnir voru þar í landi. Teknar höfðu verið upp rafrænar undirskriftir og svo til öll samskipti

lögmannna og dómstóla, s.s. sending málgagna, fór fram rafrænt. Hver lögmaður hafði sitt heimasvæði hjá dómstólunum þar sem fram komu upplýsingar um hvenær mál væru tekin fyrir, dómur gengi sem og fyrri dómur í málum sem þeir höfðu flutt. Lögmenn nýttu svo rafrænar undirskriftir til að komast inn á sitt heimasvæði, undirrita gögn og samninga svo fátt eitt sé nefnt.

## Rafrænar undirskriftir

Þegar notkun rafrænna skilríkja verður algengari verður hægt að tryggja að

## ÞINGBÓKIN



Ég myndi vilja komast inn í þingbókina með lesaðgang og að það væri haldið rafrænt utan um öll skjöl í málum. Í stærri sakamálum er verið að ljósrita mikið magn af skjölum sem ætti að vera óþarfi. Sumir dómara biðja um greinargerð og stefnu rafrænt en reglan er sú að farið er með ljósrít fyrir gagnaðila og annað fyrir dóminn og enn fleiri ljósrít sé dómur fjölskipaður.

Kristín Edwald hrl.



Um þessar mundir eru rafrænar undirskriftir að koma á Íslandi. Rafræn undirskrift hefur sambærilegt gildi og hefðbundin en hægt er að sannreyna hver hefur undirritað gögnin og hægt að staðfesta heilleika gagna, þ.e. hvort þeim hafi verið breytt eftir undirritun. Einnig má tryggja að uppruni þeirra og efnislegt innihald sé ekki hrekjanlegt.

Heimild: [http://skilriki.is/rafræn\\_skilriki/undirskrift/](http://skilriki.is/rafræn_skilriki/undirskrift/)

sendendur gagna séu þeir sem þeir segjast vera. Þá ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að gera breytingar á réttarfarslögum svo hægt verði að reka dómsmál að stórum hluta með rafrænum hætti. Í því umhverfi gætu lögmenn haft aðgang að þingbók, lagt fram rafrænar greinargerðir, bókanir og málsgögn sem mun ekki einungis fela í sér hagræði fyrir þá heldur þýða aukna skilvirkni og betri skipulagningu á vinnutíma dómara.

### Hvað segja lögmenn?

Þeir lögmenn sem á annað borð fylgjast með tækninýjungum er farið að lengja eftir því að dómstólar taki tæknina í sína þjónustu. Þeir vildu t.d. gjarnan vera með lesaðgang að þingbókinni og geta leitað í málum eftir efnisorðum. Einn þeirra lögmanna sem rætt var við fullyrti að eftir því sem menn tileinkuðu sér tæknina betur því betri lögmenn yrðu þeir og dómara mættu ekki vera eftirbátar hvað það varðar. Tæknin færi lögmönnum og dómurum í hendur verkfæri til að gera á skemmri tíma mun ítarlegri og víðtækari leit að réttarheimildum en áður hefur þekkt. Ekki töldu lögmenn að réttaröryggi væri stefnt í hættu þótt tekið væri upp rafrænt kerfi og bentu m.a. á að svo til öll viðskipti færu orðið fram rafrænt á netinu í gegnum heimabanka. Fyrst það væri hægt væri leikur einn að koma sendingum milli lögmanna og dómstóla á öruggt form sem gæti sparað dómstólunum stórfé þegar til lengri tíma væri lítið.

### Hvað segja dómstólarnir?

Að sögn Ólafar Finnsdóttur, framkvæmdastjóra dómstólaráðs, hefur rafræn málsmeðferð verið í undirbúningi í nokkurn tíma og í þeim tilgangi hafa allar tegundir dómsmála verið ferilgreindar, auk þess sem formskjöl og bókanir hafa verið samræmdar eins og kostur er. „Við erum í raun komin á endastöð með þróun núverandi málaskrár enda er hún í grunninn skrifuð á það gömlu forritunarmáli að erfitt er að þróa það frekar,“ sagði Ólöf. Dómstólaráð skannar nú þegar inn öll erindi sem berast ráðinu og heldur rafrænt utan um öll gögn sem tilheyra úrvinnslu mála. „Héraðsdómur Reykjavíkur er nú í startholunum með að vinna öll stjórnýsluerindi sem berast dómstólunum á sama hátt. Þannig hefur grunnurinn verið lagður að rafrænni umsýslu mála en við erum enn ekki komin á þann stað að skanna málskjöl í dómsmálum. Það verður næsta skref þegar dómstólarnir hafa yfir að ráða fullnægjandi tækjabúnaði sem getur mótttekið og haldið utan um dómsmálin á rafrænan hátt,“ sagði Ólöf.

Dómara sem Lögmannaþingið ræddi við voru almennt jákvæðir gagnvart tæknivæðingu dómstólanna upp að vissu marki. Þannig sagði Skúli Magnússon héraðsdómari það liggja beint við að veita takmarkaðan aðgang að tölvukerfum dómstólanna, einkum málaskrárkerfinu þar sem þingbók og önnur skjöl í viðkomandi máli eru vistuð. „Boðanir í þinghöld til lögmanna eru

## GAGNSÆRRI, SKILVIRKARI OG EINFALDARI



Ef lögmenn hefðu sérstakt heimavæði hjá dómstólunum gætu þeir haft samskipti þar við dómara og lögmenn gagnaðila í málum. Þar væri hægt að setja inn gögn fyrir þinghald þannig að fyrirtökur þar sem gögn væru lögð fram yrðu færri og dómara þyrftu ekki að gefa eins marga fresti. Gagnaframlagning yrði þá mun gagnsærri, skilvirkari og einfaldari. Þetta myndi spara vinnu fyrir dóminn enda fer mikill tími dómara í fyrirtökur þar sem lögmenn fá fresti til að lesa og bregðast við framlögðum gögnum frá gagnaðila.

Þyrí Halla Steingrimsdóttir hrl.

núorðið aðeins gerðar með tölvupósti og því ástæða til að kanna hvort unnt sé að gera það kerfi þannig úr garði með rafrænum undirskriftum að boðanir með tölvupósti geti að fullu leyst pappírinn af hólmi,“ sagði Skúli. Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari sagðist þeirrar skoðunar að hætta ætti með regluleg dómþing og láta aðila senda inn gögn, og þá mögulega rafrænt. „Milliþinghöld þarf hins vegar að halda til að athuga með sættir og framlögð gögn,“ sagði hann.

## Í lokin

Flestir þeirra sem rætt var við voru á því að dómstólarnir þyrftu að setja aukinn kraft í að koma á rafrænu réttarkerfi. Dómarar væru í eðli sínu íhaldssamir og því oftast en ekki seinir að tileinka

sér nýjustu tækni. Ekki væri hægt að gera ráð fyrir að mikið frumkvæði kæmi þaðan auk þess sem fjármagn skorti til að hefja þessa vegferð af krafti. Kröfur samtímans, og til framtíðar, væru að nýta tæknina til að koma á skilvirkara réttarkerfi þar sem dýrmætur tími væri betur nýttur en nú er. Það er ekki síður Lögmannafélagsins að beita sér fyrir umbótum á þessu sviði og þrýsta á stjórnvöld að setja tæknivæðingu réttarkerfisins á oddinn sem og að stuðla að viðeigandi lagabreytingum. Nauðsynleg tæknivæðing dómstólanna er hagsmunamál lögmannna eins og annarra þjóna réttarríkisins.

*Eyrún Ingaóttir*



Þessi ljósritunarvél var nýjasta nýtt árið 1972. Þeir sem lærðu lögfræði á sjöunda áratugnum létu sig ekki einu sinni dreyma um tækni sem þessa heldur munduðu pennann af kappi. Er nema von að mönnum fallist stundum hendur í tæknivæðingu samtímans?

Heimild: Frjáls verslun 9.tbl. 1.september 1972, 48.

## MAT Á HAGRÆÐI



Í okkar réttarfari tíðkast að reka mál með fyrirtöku á dómþingi sem fer fram í töluðu máli. Auðvitað má halda í þetta kerfi með aðstoð rafrænna miðla en slíkar lausnir þarfnast hins vegar sérstakrar skoðunar og tæknilegra lausna sem gætu orðið flóknar. Vegalengdir eru ekki til stórfelldra trafala við málarekstur hér á landi. Mat á það hagræði sem rafrænt réttarfar hefur upp á að bjóða þarf m.a. að meta með hliðsjón af þessu. Í stuttu máli eru aðstæður okkar með ýmsum hætti frábrugðnar þeim þar sem í dag er verið að gera alvarlega tilraunir með rafrænan rekstur mála, t.d. hjá Evrópu dómstólum í Lúxemborg, og full ástæða til nálgast málið með yfirvegun.

Skúli Magnússon héraðsdómari

# Lagapýðingar í öruggum höndum

Sérhæfðir þýðendur með víðtæka reynslu af öllum sviðum lagatexta. Öll helstu tungumál. Traust og fagleg þjónusta.

Sendu okkur fyrirspurn á [skjal@skjal.is](mailto:skjal@skjal.is) og við komum þinni þýðingu í öruggar hendur.

Skjal þjónusta ehf. - Síðumúla 28 - 108 Reykjavík  
Sími: 530 7300 - [www.skjal.is](http://www.skjal.is)



SKJAL ÞÝÐINGASTOFA

## Viðtal við Ólöfu Finnsdóttur



# Leiðarljósið í framtíðina

ÓLÖF FINNSDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI dómstólaráðs segir framtíðarsýn dómstólanna skýra um að stefnt skuli að enn frekari rafrænni meðferð mála.

Það er stefnt að rafrænni stjórnslu allra dómstólanna til að stuðla að auknu öryggi og rekjanleika gagna. Rafræn vistun málgagna er mikilvægur liður í þá átt og kemur til með að einfalda alla úrvinnslu dómskjala, auka skilvirkni, gæði og hagkvæmni við rekstur dómsmála og um leið bæta þjónustu við ákærvald, lögmenn og aðra þá sem leita til dómstólanna.

*Hvaða ávinningur yrði að því að innleiða rafræna málsmeðferð?*

Málmeðferðartími ætti að geta styst t.d. í sakamálum ef málskjöl yrðu send rafrænt og málum úthlutað jafnóðum til dómara á rafrænan hátt. Tími sparast og öryggi eykst við það að ekki þarf að skrá mál inn við móttöku þess hjá dómstól. Í kjölfarið ætti úrvinnsla mála að verða einfaldari þar sem leit í gögnum á rafrænan hátt getur flýtt fyrir. Sama á við um einkamálin. Það yrði væntanlega mikill ávinningur af því fyrir lögmenn ef málsmeðferðin yrði að stærstum hluta rafræn. Hugsá

mætti sér að lögmenn legðu mál fram til þingfestingar í gegnum rafræna gátt sem aftur dómstólinn móttæki.

Frekari gagnaöflun í máli gæti sömuleiðis farið fram á rafrænan hátt og lögmenn og dómara þyrftu ekki nema í undantekningartilvikum að koma í dómsal fyrr en kæmi að aðalmeðferð máls. Slík málsmeðferð hefði í för með sér gríðarlegan tímasparnað og hagræði fyrir alla aðila. Við munnlegan málflutning mætti hugsa sér að lögmenn vörpuðu upp þeim málskjöllum rafrænt sem þeir vilja leggja sérstaka áherslu á hverju sinni í stað þess að þurfa að notast við pappír. Þá yrðu skil málskjala dómstólanna til Þjóðskjalasafns í framtíðinni rafræn til mikillar hagræðingar fyrir alla aðila.

*Eru dómara/dómstólar jákvæðir gagnvart nýjustu tækni?*

Dómstólarnir eru íhaldssamar stofnanir í eðli sínu. Öll þróun tekur því langan tíma og hvert skref er tekið á yfirvegaðan hátt og mikilvægt að vandað

sé til verka. Dómara eru jákvæðir fyrir allri þróun svo fremi að hún stuðli að einföldun og frekara öryggi við úrvinnslu dómsmála. Þeir hafa tekið fullan þátt í allri undirbúningsvinnu við vinnslu formskjala og ferilgreiningu dómsmála og lagt mikið að mörkum í þeirri umfangsmiklu vinnu sem nú er að baki.

*Hvernig sérð þú fyrir þér að rafrænt réttarkerfi myndi virka?*

Framtíðarsýnin er því sú að umsýsla dómskjala verði rafræn. Dómara og lögmenn ættu ekki að þurfa að koma í dómsal nema þegar kæmi að aðalmeðferð máls. Framlagning gagna færi fram rafrænt og áfrýjun máls yrði á sama hátt á rafræn. Lögmenn og ákærvald ættu sín svæði í málaskrá dómstólanna þar sem þeir gætu sjálfir fylgst með framvindu sinna mála stig af stig og átt samskipti við dómara.

*EI*

# Myndi auka málshraða og réttaröryggi



HLYNUR HALLDÓRSSON HRL. hjá Landslögum er einn af þeim lögmönnum sem hefur mikinn áhuga á rafrænu réttarhari. Hann segist sjá fyrir sér að hægt verði að leggja fram gögn í máli án formlegs þinghalds þar sem rafræn skilríki myndu sanna hver legði gögnin fram.

Dómari myndi samþykkja framlagningu þeirra og gagnaðila gæfist tækifæri á að gera athugasemdir eða eftir atvikum mótmæla framlagningu þeirra. Ekkert er því heldur til fyrirstöðu að aðrar athafnir undir rekstri máls, s.s. höfðun gagnsakar, útgáfa framhaldsstefnu, beiðni um dómkvaðningu matsmanna og t.d. framlagning réttarsáttar færi fram með rafrænum hætti. Þá er ekki langt í að talgreinar (e. speech recognition systems) nái þeim tókum á talaðri íslensku að hægt verði að umbreyta skýrslu fyrir dómi samstundis í textaskjal sem dómari og lögmenn geta skoðað jafnharðan meðan á skýrslutöku stendur. Slík gögn yrðu sjálfkrafa vistuð inn í málið af dóminum. Framsending mála frá héraðsdómstólum til Hæstaréttar, hvort sem er vegna kærumála eða áfrýjunar yrði mjög auðveld. Þá má ekki horfa fram hjá því að með þessu gefst lögfræðingum tækifæri til að stuðla að frekari umhverfisvernd með því að draga eins og frekast er kostur úr pappírnotkun.

*Yrði réttaröryggi ógnað með meiri tæknivæðingu?*

Ég get hvorki séð að réttaröryggi yrði ógnað né að vegið yrði að meginreglum réttarfars. Ég teldi frekar að hægt væri, með vel úthugsuðu rafrænu réttarkerfi, að auka réttaröryggi og málshraða í dómkerfinu. Langflest okkar sýsla með nánast öll fjármál í gegnum tölvur og farsíma án þess að við teljum persónuvernd og fjármálalegu öryggi okkar ógnað. Þá er vert að muna að sjúkraskrár landsmanna eru meira og minna tölvuvæddar og rafrænir lyfseðlar, rannsóknarbeiðnir, rannsóknarniðurstöður, röntgenmyndir og bréf og skjöl streyma rafrænt milli heilbrigðisstofnana í dag án vandkvæða. Huga þarf vel að öryggi tölvukerfa dómstóla en rafrænu dómkerfi myndi líklega ekki stafa meiri ógn af óforskömmuðum tölvuhökkurum en önnur tölvukerfi. Slík ógn er a.m.k. ekki talin veða þyngra en hagræðing þess að koma upp og nota tölvukerfi.

*Getur tæknin leyst af hólmi allar réttarathafnir?*

Þótt ég sé ákafur talsmaður þess að ná fram hagræðingu og vinnusparnaði við rekstur dómsmála með tæknivæðingu er ég jafn ákafur fylgismaður þess að tiltekna réttarathafnir máls fyrir dómi fari fram milliliðalaust og „unplugged“. Réttarathafnir eins og aðalmeðferð, uppkvaðning dóms og úrskurðir eiga að fara fram að aðilum eða lögmönnum viðstöddum. Vandaðar úrlausnir og sýnileg starfsemi dómstóla eykur tiltrú á réttarkerfi landsins. Aðilar þurfa að koma saman auglitis til auglitis undir rekstri máls, t.d. við mikilvægar dómstathafnir, bæði til að fá milliliðalaust úrlausn dómstóla en einnig til að þeir upplifi framgang laga og réttar í landinu. Áriðandi er að þeir sem þurfa að leita úrlausnar um mál fyrir dómi upplifi dómstóla sem mikilvægar, áþreifanlegar og formfastar stofnanir, en ekki fyrirbrigði sem eigi sér rislitla birtingarmynd á tölvuskjá.

El

## Viðtal við Tryggva Viggósson



# Stöndum vaktina fyrir lögmenn

PEGAR RAFRÆNT RÉTTARFAR verður að veruleika munu fyrirtökur og mætingar fyrir dómi væntanlega heyra sögunni til í þeirri mynd sem þær eru í dag. Einn þeirra lögmanna sem sinnt hefur þessu starfi um árabíl er Tryggvi Viggósson hdl. en hann hóf mætingar árið 1988.

Mér bauðst að taka að mér mætingar þegar Bergur Bjarnason hrl. var að hætta en þetta var lítil vinna fyrst í stað. Þá sinnti ég mætingum ásamt Hafþóri Inga Jónssyni hdl. en síðan tók Ásgeir Björnsson hdl. við af honum.

*Hvernig ganga mætingarnar fyrir sig?*  
Lögmenn hafa samband og koma til okkar gögnum sem við leggjum fyrir dóminn á reglulegum dómþingum á þriðjudögum og fimmtudögum. Svo fylgjum við málum eftir frá þingfestingu og þangað til þau fara út af reglulega þinginu og í úthlutun. Við erum á staðnum til að spara lögmönnum viðveruna en mál eru tekin eftir þeirri röð sem þau berast. Við erum síðan í talsverðu sambandi við lögmenn utan þinganna. Það er gagnkvæm upplýsingaöflun milli okkar og þeirra lögmanna sem við mætum fyrir enda má segja að við stöndum vaktina fyrir þá. Þetta er töluverð binding, það er til dæmis ekki hægt með góðu móti að verða veikur og oft eru miklir hagsmunir í húfi.

*Er mikið að gera?*

Það var miklu meira að gera á vissu árabíli, í kringum 1990-1991. Þá voru um 26 þúsund einkamál þingfest á ári. Þingið þurfti stundum að vera fram á nótt og svo var jafnvel haldið áfram næsta dag. Síðustu daga fyrir sumarhlé var svo verið að demba inn málum að íslenskum sið. Nú eru breyttar aðstæður í þjóðfélaginu og málin í kringum fimm þúsund á ári. Hækkun á þingfestingargjöldum hefur haft áhrif á smámálin og menn kanna betur greiðslugetu skuldara áður en þeir leggja af stað með mál.

*Hverjir nota þjónustuna?*

Það eru svona á milli 50 til 60 aðilar í hverjum mánuði - stærri lögmennsstofur jafnt sem einyrkjar. Þingfestingar í hvert sinn eru allt frá tíu málum og yfir eitt

hundrað. Það kemur stundum fyrir að ólögglærðir mæta sjálfir fyrir dóminn og þá þurfa dómarar og aðstoðarmenn þeirra að sinna leiðbeiningaskyldu sinni. Menn þekkja kannski ekki ferlið og það getur verið viðkvæmt.

*Sérð þú fyrir þér hvernig rafrænt réttarfar muni virka?*

Ég sé það nú ekki alveg fyrir mér enda verð ég sjálfsagt hættur þegar að því kemur. Lögmenn verða að geta treyst því að það verði ekki útivist í málum. Stundum þarf að gera kröfur um málskostnaðartryggingar og svo geta komið upp mál í þinginu sem þarf að bregðast strax við. Það er þessi viðvera sem við erum að tryggja og skiptir lögmenn miklu.



Við geymum  
og þjónustum  
skjölin þín!

GAGNAGEYMSLAN

Smíðshóla 1 • Sími 587 9800 • <http://www.gagnageymslan.is>



Netbókari

Við vinnum  
eingöngu með

netbókhald.is ✓

## Vantar þig aðstoð við bókhaldið?

Reglulega fært bókhald gefur betri yfirsýn yfir reksturinn.

Netbókari býður upp á eftirfarandi:

- Færslu á bókhaldi og afstemmingar
- Skil á virðisaukaskattskýrslum
- Launaútreikninga og skil á launatengdum gjöldum
- Endurskoðun og uppgjör
- Framtalskil
- Ársreikninga
- Innheimtu
- Stofnun fyrirtækja
- Greiningu á fyrirtækjum



Við leggjum ríka áherslu á gott samstarf og fagleg vinnubrögð.



Vertu með puttann á púlsinum  
og skráðu þig á [www.netbokari.is](http://www.netbokari.is)  
- það mun strax skila árangri.

Nánari upplýsingar á [www.netbokari.is](http://www.netbokari.is) eða í síma 490 2090

Netbókari ehf • [netbokari@netbokari.is](mailto:netbokari@netbokari.is)

# Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar

Dóm- og skýrslutökutúlkun

*Ellen Ingvadóttir*

Löggiltur dóm túlkur og skjalabýðandi

Skipholti 50B 105 Reykjavík

sími: 562-6588

brefsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)

  
**LÖGMÁL**

ÁSGEIR ÞÓR ÁRNASON HRL.  
ELVAR ÖRN UNNSTEINSSON HRL.  
LÚÐVÍK ÖRN STEINARSSON HRL.  
MAGNÚS GUÐLAUGSSON HRL.  
MAGNÚS ÓSKARSSON HDL., LL.M.  
ELÍNBERG JÓNSDÓTTIR HDL.  
DILJÁ MIST EINARSDÓTTIR HDL.

Lögmál ehf.

Skólavörðustíg 12 • 101 Reykjavík  
Sími 511 2000 • Fax 511 2001  
[logmal@logmal.is](mailto:logmal@logmal.is) • [www.logmal.is](http://www.logmal.is)

- Ingibjörg Ingvadóttir hdl.
- Linda Björk Bentadóttir hdl.
- Sveinbjörg Elísa Sveinbjörnsdóttir hdl.
- Harpa Sólveig Björnsdóttir hdl.
- Pétur Fannar Gíslason hdl.



**LÖGMENN**  
- HAMRABORG 12 -

LANDSLÖG | LÖGFRÆÐISTOFA



**LÖGMANNSHLÍÐ**  
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA  
GLERÁRGÖTU 36 • 600 AKUREYRI • SÍMI 466 2700 • NETFANG: [LHF@LOGMANNSHLID.IS](mailto:LHF@LOGMANNSHLID.IS)  
SIGMUNDUR GUÐMUNDSSON HDL. • INGVAR ÞORÓDDSSON HDL.



**Mörkin lögmannsstofa hf.**  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík  
Sími 414 4100 • Fax 414 4101 • [www.law.is](http://www.law.is)



**Lögfræðistofa Reykjavíkur**

# Dramatískt jólasnapsmót



KNATTSPYRNUMÓT LMFÍ VAR haldið í Framheimilinu við Safamýri föstudaginn 21. desember 2012. LOGOS FC, OPUS, KF Þruman og Kvennaliðið sendu raunveruleg lið í mótið en auk þess var Lögfræðistofa Reykjavíkur skráð til þátttöku. Þar sem lið LR mætti ekki tapaði það öllum leikjum sínum 0-3, endaði því neðst með núll stig og markatöluna 0-12. Vonandi gengur betur hjá þeim næst.

Þrátt fyrir að blásið væri í flautuna eftir hádegi hófst keppnin fyrir alvöru um morguninn þegar töluverðar hreyfingar urðu á leikmannamarkaði LMFÍ. Illa mönnum lið virðast hafa farið á taugum og keypt grimmt leikmenn – jafnvel grimma leikmenn. Hefur heyrst að UEFA

hafi áhyggjur af þróuninni og ætli að beita sér fyrir því að „FinancialFairPlay“ reglur verði settar innan LMFÍ. Sagan segir að eitt liðið hjá ónefndri stofu hafi hótad fulltrúa sínum uppsögn ef hann keppti fyrir annað lið á mótinu en ég mun ekki segja meira enda vinir mínir þar á ferð.

OPUS hafði sigur í mótinu. Fótboltalega séð var það sanngjarnt. Þeir voru einfaldlega í annarri deild en hin lið mótsins og unnu alla leiki sína. Fanney fyrirliði sýndi fádæma yfirburði og var sannur leiðtogi síns liðs, enda var starf hennar í húsi. Þá var gaman að sjá takta Erlendar sem hann lærði sem ungur drengur hjá Leikni á Fáskrúðsfirði. Hann hefur engu gleymt og eldist vel.

Minnir á rauðvín. Danni stóð sig líka sæmilega, verst hvað hann er slappur að nýta færin sín. Aðrir liðsmenn stóðu sig líka vel eða svona flestir. Verðskuldaður sigur frábærs liðs.

Í öðru sæti var KF Þruman. Þeir tóku reyndar silfrið með svindli en þannig er þetta nú stundum. Magnað að sjá virðulega lögmenn beita trixum til að sigra. En þetta telst væntanlega vera reynsla. Besti leikmaður Þrumunnar og líklega leikmaður mótsins var Eyvindur Sólnes. Leikgleðin var óumdeild og heillandi, skipulagið flott og mikið svakalega getur strákurinn skotið. En það dugði þó skammt á móti OPUS.

Í þriðja sæti var LOGOS FC. Til viðbótar við bronsið fá þeir verðlaun



UEFA fyrir „FinancialFairPlay“, eitt liða. Engir „last minute“ dílar á leikmannamarkaði og allt vel uppaldir leikmenn. Spilamennsken var leiftrandi á köflum en það vantaði akkerið á miðjuna. Það var öllum ljóst að það vantaði léttleikandi leikstjórnandann, sem var haltur á hliðarlínunni. Það er alveg á hreinu að þetta er efnilegt lið og mun ná langt á komandi árum. Ekki síst í

ljósi þess að Andrea Olsen hefur ákveðið að spila hér eftir einungis fyrir LOGOS FC og hefur sagt skilið við Kvinnaliðið í anda raunverulegs jafnréttis.

Í fjórða sæti var Kvinnaliðið. Þær stóðu sig svakalega vel en voru verulega óheppnar í hverjum einasta leik. Alveg merkilegt hvernig óheppnin getur einfaldlega fest sig við lið. Þínulítið eins og Arsenal. Ljóst er þetta lið er komið til

að vera og verður spennandi að fylgjast með þeim á komandi mótum.

Í fimmta og síðasta sæti var síðan Lögfræðistofa Reykjavíkur, án stiga og með -12 í markatölu.

Í heildina var þetta stórskemmtilegt mót. Þjórinn á eftir fínn, líka þessir á milli leikja.

*Fréttaritari*

Andri Árnason hrl.  
Finnur Magnússon hdl., LL.M.  
Halldór Jónsson hrl.  
Lárus L. Blöndal hrl.  
Páll Ásgrímsson hdl., LL.M.  
Sigurbjörn Magnússon hrl.  
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.  
Vífill Harðarson hdl., LL.M.

**juris**

Borgartúni 26  
IS 105 Reykjavík  
+354 580 4400  
www.juris.is

# Af Merði lögmanni

Eftir nokkra óvenju rýra mánuði hjá Merði í ýmsum hefðbundnum verkefnum, var svo komið að hann var farinn að líta ofan í skjalamöppur með „ófrágengnum“ málum. Mörður hefur aldrei verið með aðkeypt skjalavistunarkerfi og aldrei skilið hvaða tilgangi slíkt þjónar. Hann hefur einfaldlega staflað þeim málum sem þarf að vinna í hverju sinni næst sér á skrifborðið. Þegar hann er ekki lengur að vinna í málum fjarlægjast þau og færast nær skrifborðsendunum. Stöku sinnum tekur svo Mörður lokin mál af borðsendunum og setur í pappakassa. Kassana hefur hann fengið að geyma í bílskúr hjá gamalli konu að vestan.

Eitt og eitt mál hefur þó lent í því að vera „ófrágengið“. Þá fara málgögnin í hillurekka á bak við skrifborðsstólinn. Þetta eru t.d. mál sem Mörður ætlar ekki að vinna meira í fyrr en hann hefur fengið borgað inn á sína vinnu vegna þeirra. Þarna hafa líka dagað uppi nokkur mál sem hann hefur lengi ætlað sér að skoða betur þegar tími vinnst til. Þegar svoleiðis mál verða nógu gömul, enda þau gjarnan í bílskúrnum. T.d. þegar kúnnarnir falla frá, eða þegar Merði þykir óbærileg tilhugsun að setja sig inn í málin upp á nýtt og rifja upp hvað hefði e.t.v. verið rétt að gera í þeim.

Eitt málið sem Mörður rakst á í hillunni snerist um fjarskylda frænku hans að vestan. Hún hafði dottið um hund bréfberans og rófubeinsbrotnað í útidyratröppunum heima hjá sér. Svo hafði henni verið eitthvað vitlaust sinnt fyrir sunnan og var búin að vera meira og minna heilsulaus síðan. Einhvern veginn hafði Merði aldrei tekist að ná neinum tókum á því hvort stefna ætti póstinum vegna hundsins eða húsfélaginu vegna ísingar á tröppunum eða spítalanum vegna meðferðarinnar. Í möppunni voru nokkur gömul bréf sem hann hafði sent í ýmsar áttir vegna málsins. Aðallega voru þarna samt ósvöruð bréf frá frænkunni. Þau elstu voru ósköp elskuleg og full þakklætis, en svo höfðu þau breytt um tón fyrir nokkrum árum og orðið að fyrirspurnum og loks skammarbréfum vegna þess að hann svaraði henni ekki. Mörður þakkaði sínum sæla fyrir gamla og góða segulbandssímsvarann sem gerði honum kleift að sía svona vesen frá. Þar hafði kerlingin verið eins og fastur dagskrárliður um margra ára skeið, en var nú sem betur fer hætt að hringja jafn oft.

Mörður minntist þess frá fyrri yfirferðum sínum yfir hilluna með ófrágengnum málum að hafa stundum sett þetta mál á skrifborðið. Þá hafði hann einsett sér að ýta þessu áfram. Honum fannst málið þó ævinlega of snúið og frænkan of súr til að koma sér að þessu. Málið rann því jafnan sína leið út á borðshornið og svo til baka í hilluna.

Yngstu bréfin í þessari möppu voru áberandi skjannahvít í samanburði við gulnuð ljósritin af bréfum Marðar. Þar var t.d. bréf frá einhverri nýútskrifaðri stelpu sem ekkert kunni í samskiptum við kollegana og hafði sent Merði harðort kröfubréf um að fá þegar í stað öll gögn málsins afhent. Mörður hafði eiginlega ætlað sér að hringja í hana og leiðbeina henni, en ekkert orðið af því. Nýjasta bréfið var svo frá einhverjum pótintátum í einhverri nefnd í Lögmannafélaginu sem höfðu fengið kvörtun frá frænkunni og óskuðu eftir greinargerð frá honum, rétt eins og hann væri glæpamaður.

Mörður dæsti. Hann sá að það var útilokað að færa málið úr „ófrágengið“ og í „lokið“. Frænkan var samt komin á sjötugsaldur og langlífi hafði nú ekki beinlínis einkennt hennar fólk. Hann hripaði því niður bréf til nefndarinnar um að eiginlega væri þessi frænka sín hálfbiluð manneskja og hefði lagt hann í einelti. Hann hefði fyrir löngu útskýrt fyrir henni að þetta mál væri mjög flókið og það krefðist mikillar yfirlegu að taka ákvörðun um næstu skref. Hann myndi hér eftir sem hingað til hafa samráð við hana, en hún ætti reyndar eftir að greiða töluverðan kostnað. Auk þess þyrfti hann að fá alllangan frest ef hann ætti að skila ítarlegri greinargerð þar sem hann væri að fara í erfiða lækniáðgerð.

Skjalamöppuna ákvað Mörður að best væri að leggja á skrifborðið miðja vegu á milli sætisins og borðshornsins. Hann ætlaði að sjá til hvort hann gæti ekki litið betur á þetta fljótlega.



**Marteinn Áki Ellertsson**

- Stúdent frá MH 2007
- Lagadeild, meistaranám
- Áhersla í námi: Fjármunaréttur, félagaréttur og Evrópurettur
- Áhugamál: Flug, útivera og félagslíf

**Ragnhildur Helgadóttir**

- Prófessor í lagadeild
- Doktorspróf frá Háskólanum í Virginíu
- Sérsvið: Stjórnskipunarréttur
- Sítur í samninganefnd Íslands við ESB

# LAGADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

## Endurmenntun fyrir lögfræðinga

Lögfræðingum stendur til boða að sækja stök námskeið í meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Með Lögmannablaðinu fylgir yfirlit yfir kjörgreinar í boði árin 2013–2015. Námskeið á haustönn hefst í lok ágúst og á vorönn um miðjan janúar. Skráningu í námskeið haustannar lýkur 1. júní 2013 en nemendur sem stunda nám við brautina njóta forgangs.

**Dæmi um námskeið:**

<b>Haustönn 2013</b>	<b>Vorönn 2014</b>
Alþjóðleg lausafjárkaup	Alþjóðlegur refsiréttur
Alþjóðlegir og innlendir fjármögnunarsamningar	EU Constitutional Law
Fasteignakauparéttur	European Law: Financial Services
International and European Energy Law- íslenskur orkuréttur	Kaup á fyrirtækjum/samruni og áreiðanleikakannanir
Neytendaréttur	Réttarsálfræði
Starfsemi lífeyrissjóða	Verktaka- og útboðsréttur

Frekari upplýsingar veitir skrifstofustjóri lagadeildar, Jóna K. Kristinsdóttir, í síma 599 6407 eða í tölvupósti: jonak@ru.is.



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
REYKJAVIK UNIVERSITY



[www.hr.is](http://www.hr.is)

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



# Símahlustun og trúnaðarskylda lögmanna

Á DÖGUNUM SVARAÐI innanríkisráðherra fyrirspurn á Alþingi um símahlustun. Svörin vekja fjölmargar spurningar um framkvæmdina. Ríkissaksóknari á lögum samkvæmt að hafa ákveðið eftirlit með símahlustun. Því miður bendir margt til þess að eftirlitið sé ófullnægjandi. Hafa verður í huga að símahlustun er þvingunarráðstöfun sem skerðir friðhelgi einkalífs manna.

Meðal annars var spurt:

(6) „Hve oft hafa samskipti grunaðs manns og lögmans verið bleruð? Hvernig hefur verið farið með þau rannsóknargögn?“

(7) „Hve oft hafa samskipti lögmans sakborninga við aðra en sakborning verið bleruð?“

Ráðherra svarar með því að vísa til athugasemda ríkissaksóknara, en um þær segir:

„Í svári ríkissaksóknara kemur fram að hann telji einsýnt að sumum liðum fyrirspurnarinnar sé ekki unnt að svara. Eigi þetta einkum við um 6. og 7. tölul., en gögn varðandi hlustanir séu ekki greind niður á þann veg að unnt sé að svara því sem þar er spurt um. Tekur ríkissaksóknari fram að heimilt sé að framkvæma hlustun hjá lögmönnum eins og hverjum öðrum, að uppfylltum lagaskilyrðum um úrskurð dómara o.s.frv. Hins vegar verði ekki séð hvaða tilgangi það þjóni að upplýsa sérstaklega

um hlustanir sem beinast að þeirri starfsstétt, auk þess sem hér verði að hafa í huga þagnarskylduákvæði 3. mgr. 18. gr. laga um meðferð sakamála og 1. mgr. 22. gr. lögregluglaga, nr. 90/1996. Þá bendir ríkissaksóknari á að sérstaklega sé um það fjallað í 1. mgr. 85. gr. laga nr. 88/2008 að eyða skuli þegar í stað gögnum sem hafa að geyma samtöl eða önnur samskipti sakborninga við verjanda sinn.“

Tilvitnuð ummæli ríkissaksóknara eru sérkennileg og villandi. Augljóst er að hlusta má síma lögmanna ef þeir eru sjálfir grunaðir um refsivert afbrot og lagaskilyrðum er fullnægt. Fyrirspurnin laut hins vegar ekki að því, heldur hinu hvort hlustað hafi verið á símtöl sakborninga við lögmenn sína, eða símtöl lögmanna sakborninga við aðra, án þeirra vitundar.

Síðar hefur komið fram að ríkissaksóknari lítur svo á að ekki sé hægt að koma í veg fyrir að lögreglumaður hlusti á upptökur af trúnaðarsamtölum sakborninga og verjanda, þar sem hann þurfi að fara í gegnum upptökurnar og draga út það sem málið varði. Á þá afstöðu er ekki hægt að fallast.

Trúnaðarsamband verjanda og sakborninga er einn af hornsteinum réttlátrar málsmeðferðar. Vernd þess í lögum og virðing fyrir því er grundvallarþáttur í að sakborningur geti undirbúið vörn sína í sakamáli á

fullnægjandi hátt og á jafnræðisgrundvelli gagnvart ákærvaldinu. Það er andstætt réttlátri málsmeðferð að rannsóknaraðilar geti hlustað á símtöl verjanda og sakborninga. Ekki stóðar fyrir ríkissaksóknara að vísa til fyrirmæla 1. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála þess efnis, að ef upptökur hafi að geyma samtöl við verjanda skuli þeim eytt þegar í stað, ásamt því að vísa til þess að þagnarskylda hvíli lögum samkvæmt á rannsóknaraðilum. Málið er ekki svona einfalt. Eftir stendur nefnilega að með því að hlusta á upptöku af símtali áður en því er eytt hafa rannsóknaraðilar getað aflað sér upplýsinga um málsatvik og fyrirhugaða vörn sakborninga á grundvelli trúnaðarsamtala hans við verjanda sinn, sem kunna að nýtast við rannsóknina og málatilbúnað ákærvaldsins enda þótt þær verði ekki notaðar sem sönnunargögn í sakamáli.

Óhjákvæmilegt er að treysta trúnaðarsamband verjanda og sakborninga með lagabreytingum. Þá eru ýmsar leiðir til úrbóta við framkvæmd símahlustunar. Til dæmis að hlutlaus aðili eyði upptökum með símtölum verjanda og sakborninga áður en lögregla fer yfir upptökur. Þá hlýtur að vera hægt tæknilega að stöðva upptöku þegar hringt er úr hinum hlustaða síma í tiltekin símanúmer. Loks kemur til greina að við uppkvaðningu úrskurðar um símahlustun skipi dómari sakborningi sérstakan lögmann sem hefði það



hlutverk við framkvæmd hlustunar að gæta hagsmuna sakbornings og þeirra sem hann talar við, án vitundar þeirra og vilja. Síðastnefnda atriðið kom til álitu við setningu laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, að danskri og norski fyrirmynd. Frá því var því miður horfið með þeim rökum að það bætti litlu sem engu við aðkomu sjálfstæðs og óvilhalls dómara að málinu.

Loks er nauðsynlegt að breyta lögum til þess að treysta trúnaðarsamband lögmannna, sem ekki hafa verið skipaðir verjendur, við umbjóðendur sína. Byggist það á því að ríkissaksóknari virðist líta svo á að heimilt sé að hlusta á trúnaðarsímtöl þessara aðila og nota megi gögn um þau sem sönnunargögn í sakamálum, jafnvel þótt lögmaðurinn liggja ekki undir grun um að hafa framið afbrot. Á það viðhorf er ekki hægt að fallast, enda

sú niðurstaða ótæk í réttarríki. Til þess liggja að meginstefnu sömu rök og um verjendur. Trúnaðarskylda lögmannna er ein af grunnstoðum réttarkerfisins, ekki eingöngu í sakamálum. Hún liggur einnig til grundvallar við rekstur einkamála og er nauðsynleg forsenda þess að málsaðilar geti teflt fram ítrustu sókn og vörn. Óttist umbjóðendur lögmannna að trúnaðarskyldan haldi ekki í reynd, næst það markmið ekki. Auk þess væri ella augljós hætta á að því væri frestað að fá grunuðum manni réttarstöðu sakbornings, og símtöl hans við lögmann sinn hlustuð á meðan.

Augljóst er að fyrirmæli 1. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála, um að upptöku með samtali sakbornings og verjanda skuli eytt þegar í stað, eru eingöngu sett til öryggis (ex tuto). Óheimilt er draga einhverjar ályktanir af ákvæðinu um heimildir til símahlustunar

eða framkvæmd hennar, hvort heldur þegar í hlut eiga sakborningur og verjandi eða sakborningur og lögmaður sem ekki er verjandi, eins og ríkissaksóknari virðist gera. Þá vekur athygli að ríkissaksóknari sleppir að geta þess að í umræddu lagaákvæði er einnig nefnt að eyða skuli þegar í stað upptökum með upplýsingum sem 2. mgr. 119. gr. laganna tekur til, en samkvæmt b-lið þess ákvæðis er lögmanni óheimilt að svara sem vitni spurningum um einkahagi manns sem honum hefur verið trúað fyrir í starfi.



**FULLTINGI**  
slysa- og skaðabótamál

Helga   
lögmenn

**K · R · S · T**  
LÖGMENN

**BBA**

**acta**  
L Ö G M A N N S S T O F A

**LIT ehf.**  
Ingi Tryggvason hdl.

**JÓNATANSSON & CO**  
LÖGFRÆÐISTOFA  
Kringlan 4-6, 8. hæð  
103 Reykjavík  
Sími (+354) 533 24 34  
Fax (+354) 533 24 34  
jonatansson@jonatansson.is  
www.jonatansson.is

**Litla  prent**  
Stórt verk lítið mál

**FORTIS**  
Lögmannsstofa

**LMB**  
LÖGMENN, FANNASTÆTT  
MÁLFRÆÐI, LÖGFRÆÐI, MÖGUL  
MÁLFRÆÐI, FANNASTÆTT

**NORDIK**  
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

  
**pwc**

# Sigur lögfræðinnar í Icesave málinu

MARGT HEFUR VERIÐ ritað um Icesave en þeir fyrstu til að benda á að eitthvað gæti verið bogið við málið á sínum tíma voru Lárus Blöndal hrl. og Stefán Már Stefánsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Það gerðu þeir með grein í Morgunblaðinu 15. október 2008 undir yfirskriftinni „Ábyrgð ríkisins á innlánum“. Næstu mánuði skrifuðu þeir hátt í 20 greinar um Icesave og til að byrja með virðist lítið hafa verið hlustað á hvað þeir höfðu fram að færa. Það væri að æra óstöðugan að rekja sögu þessa máls í smáatriðum. Í stuttu máli er sagan sú að eftir að Landsbankinn féll tóku Bretar og Hollendingar að sér að greiða innstæðueigendum í útibúum bankans í þessum löndum. Bretar og Hollendingar gerðu því næst kröfu til þess að íslenska ríkið endurgreiði þeim þessa fjárhæð. Samið var um lúkningu málsins á árunum 2009 til 2010 en tvisvar sinnum synjaði forseti Íslands lögum um greiðslur samkvæmt samningunum staðfestingar. Lárus var í samninganefnd Íslands, undir stjórn Lee C. Bucheit, sem gerði lokatilraun til samninga við Breta og Hollendinga (Icesave III). Í framhaldinu höfðaði ESA mál á hendur íslenska ríkinu vegna ætlaðs brots á EES-samningnum. Annars vegar var byggt á því að um brot á innstæðutillskiptum 94/19/EB væri að ræða og hins vegar á því að jafnræðisreglan hefði verið brotin með því að erlendum innstæðueigendum hefði verið mismunað. Með dómi EFTA-dómstólsins 28. janúar var íslenska ríkið sýknað. Af niðurstöðu dómsins má ráða að rökstuðningurinn er sambærilegur rökstuðningi þeirra Lárusar og Stefáns Márs þegar í upphafi. Lögmannablaðið fékk Eyvind G. Gunnarsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, til að ræða við Lárus og Stefán Má.



Eyvindur G. Gunnarsson.

*Eyvindur: Því hefur verið breytt að niðurstaða Icesave málsins sé að vissu leyti sigur réttarríkisins og fyrirsjáanleika laga, m.ö.o. geti menn ekki komist að öðrum niðurstöðum eftir. Hvernig kom til að þið hófuð afskipti af Icesave málinu?*

**Stefán Már:** Við höfum starfað saman á ýmsum vettvangi í mörg ár og strax eftir hrun fannst okkur eitthvað skrítið við þetta mál sem þyrfti að athuga nánar. Í fyrstu grein okkar í Morgunblaðinu tókum við fyrir hvort okkur bæri skylda til að greiða innstæðurnar eins og allir töldu á þessum tíma. Niðurstaða okkar var sú að okkur bæri engin skylda til þess samkvæmt regluverkinu nema ef Ísland hefði vanrækt einhverja skyldu

sína í sambandi við lögleiðingu sem var ekki.

**Lárus:** Þegar við birtum greinina rétttri viku eftir hrun var búið að skrifa undir viljayfirlýsingu gagnvart Hollendingum um að ganga frá málinu. Við vorum að skuldbinda okkur til að endurgreiða 670 milljarða plús mjög háa vexti og það þarf ekki mikinn reikningshaus til að sjá hvaða áhrif það hefði getað haft á íslenskt samfélag. Menn mega ekki heldur gleyma því að á þessum tímamarki voru allir mjög svartsýnir á endurheimtur úr búinu og það var engan veginn fyrirséð að heimtur yrðu 100% af höfuðstól þessara krafna eins og síðar varð. Skuldbindingin var því gríðarleg og full ástæða til að skoða



hvort við hefðum virkilega skuldbundið okkur til þess að taka svona bagga á okkur.

**Stefán Már:** Það sem við lögðum alltaf áherslu á í greinum okkar var að skoða málið aðeins út frá lögfræðilegu sjónarmiði. Við hleyptum aldrei neinum pólitískum, hagfræðilegum, viðskiptalegum eða öðrum sjónarmiðum að heldur einungis þeim lagalegu. Því teljum að dómur EFTA dómstólsins sé fyrst og fremst sigur lögfræðinnar að lokum.

## Til heimabruks

*Eyvindur: Menn sögðu ykkur vera með heimatilbúnar lögskýringar sem útlendingar myndu ekki hlusta á. Var engin umræða um hvort við bærum ábyrgð samkvæmt tilskipuninni?*

**Lárus:** Fyrstu níu mánuðina, fram á mitt ár 2009, má segja að það hafi ekkert verið hlustað á okkur og það kom okkur mjög á óvart hvað við vorum einangraðir í umræðunni. Fáir bökkuðu okkur upp í viðhorfum okkar og til að mynda vorum við aldrei fengnir til að segja okkar skoðun í umræðuþáttum. Mönnum þótti þetta varla tækt til umræðu fyrr en þeir horfðust í augu við fyrsta Icesave samninginn sumarið 2009. Þá áttuðu þeir sig á því hvað þetta var mikið hagsmunamál.

**Stefán Már:** Ég upplifði ekki gagnrýni á þau lögfræðilegu sjónarmið sem við komum með heldur væru það önnur atriði en lögfræði sem skiptu meira máli.

**Lárus:** Það var eitthvað um að menn sögðu þetta til heimabruks en enginn myndi hlusta á þetta á alþjóðlegum vettvangi. Fyrsti lögfræðilegi stuðningurinn sem við fengum var grein sem Sigurður Línadal skrifaði sumarið 2009 en hann skrifaði svo með okkur tvær greinar.



Stefán Már Stefánsson og Lárus Blöndal.

## Engin lagaleg gagnrýni

*Eyvindur: Forsendur fyrir greiðsluskyldu fyrsta Icesave samningsins voru aldrei skilgreindar heldur var lánessamningur lagður fram. Miðað við Icesave dóminn, má segja að hefði samningurinn ekki verið settur í þjóðaratkvæðagreiðslu hefði skuldbindingin í raun fyrst stofnast við undirritun samningsins, en ekki við fall Landsbankans?*

**Lárus:** Einmitt, menn fóru út til að gera upp þessa skuld, þeir fóru ekki út til að semja eða komast að því hvort krafan væri til staðar heldur til að klára málið svo það hengi ekki yfir okkur. Það endurspeglar viðhorfið á þessum tíma hjá þeim sem þóttu hæfir í umræðunni.

**Stefán Már:** Eftir fyrstu samningana ræddum við Lárus um að ekki væri einu sinni litið á þetta sem þjóðréttarlega deilu, einungis hefði verið undirritaður lánessamningur þar sem spurningin snérist um vexti og greiðslukjör.

*Eyvindur: Í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og útfærslu lögsögunnar var fyrst og fremst byggt á lagalegum rökum. Hvers vegna átti það ekki við í Icesave málinu? Má vera að einhvers konar sjálfásökun eða skömm hafi tengst þessu viðhorfi, að Íslendingar hafi viljað bæta erlendum aðilum tjónið?*

**Lárus:** Það voru stofnuð samtök til að berjast fyrir hagsmunum okkar gagnvart Bretum sem snérist m.a. um að mótmæla beitingu hryðjuverkalaganna. Menn sendu til dæmis myndir af fjölskyldum til með skilaboðum til Breta um að við værum ekki hryðjuverkamenn. Það gerðist ekkert sambærilegt varðandi þessar skuldbindingar. Það kom í framhaldinu þegar málið þroskaðist. Þá fóru ýmsir að taka upp okkar málstað sem voru í baráttunni á öðrum vettvangi.

**Stefán Már:** Við Lárus fengum aldrei lögfræðilega gagnrýni á blaðgreinarnar. Einu sinni kölluðum við eftir því, sögðum að við skildum ekki að það kæmu ekki lagaleg rök á móti.

*Eyvindur: Var þetta stórabagsmunamáli okkar Íslendinga rætt út og suður án þess að greina hinn lögfræðilega kjarna? Má segja að aðrir en lögfræðingar hafi verið atkvæðamestir í máli sem hefði í raun átt að vera á verksviði lögfræðinga?*

**Lárus:** Okkur fannst oft að menn væru að tala máli gagnaðilans. Fyrirsögn einnar greinar okkar var „Í hvaða liði eru stjórnvöld?“. Auðvitað kunna að vera einhverjar skýringar að baki því en okkur fannst þetta blasa við að stjórnvöld væru ekki í sama liði og við. Þannig var þetta í þjóðfélagsmæðunni. Hver var í kapp við annan að koma þeirri skoðun á framfæri að við yrðum að borga.



Lárus Blöndal.

**Stefán Már:** Stjórnvöld verða, þrátt fyrir pressu, að afla sér bestu lögfræðilegrar vitneskju til að taka á hlutum.

## Deilan varð þjóðréttarleg

*Eyvindur: Í seinni umferð Icesave, þegar Lee C. Buchheit kom til sögunnar, þá virðist sem Íslendingar hafi reynt að stilla saman strengi sína. Hvað gerðist?*

**Lárus:** Mín upplifun er sú að fram að fyrsta Icesave samningi þá hafi flestir viljað ljúka málinu eins hratt og hægt væri. Síðan þegar menn áttuðu sig á því hver herkostnaðurinn var, og voru byrjaðir að fjarlægjast fyrsta tímamark hrunsins, þá fóru sjónarmið okkar að fá hljómgrunn.

**Stefán Már:** Þá var deilan orðin þjóðréttarleg og því varð mikill munur á Icesave II í Icesave III.

**Lárus:** Fyrri samningur var einhvers konar uppgjörsmál, til að gera upp skuldir. Í síðasta samningi voru menn að deila, m.a. um af hverju ekki væri hægt að setja málið fyrir dómstól.

**Stefán Már:** Við náðum því aldrei fullkomlega hvers vegna íslenskir skattborgarar ættu að blæða og veltum fyrir okkur skaðabótaábyrgð ESB, hverjir settu tilskipunina, hvernig hún var og hvað ESB fullyrti um pottþétt kerfi. Nú hefur EFTA komist að því að þetta er allt í molum, og jafnvel eftir nýjustu endurbætur á tilskipuninni er þetta ennþá í molum. Þá er spurningin: Getur ekki verið að ESB beri ábyrgð á öllu saman?

**Lárus:** Ég held að það hafi verið undirliggjandi ótti við að bankakerfið í Evrópu myndi þurfa að taka á sig verulegt högg ef ekki væri talað þannig á vettvangi ESB að þetta væri allt saman skothelt og augljóst. Þetta var línan sem var gefin og frændur okkar á Norðurlöndum tóku m.a. undir það.

**Stefán Már:** Það er ótrúlegt að ekki var einu sinni hægt að fá gagnaðila til að fara inn í alþjóðlega gerðardómsmeðferð. Slíkt var slegið út af borðinu!

## Óttinn við niðurstöðuna

*Eyvindur: Margir óttuðust fyrirfram niðurstöðu EFTA-dómstólsins. Ég*



Stefán Már Stefánsson.

*velti aftur fyrir mér réttarríkinu og fyrirsjáanleika laga. Hvað með sjónarmið um að dómstólar hafi nánast vald til að setja reglur eftir á eða komast að „hagkvæmum niðurstöðum“?*

**Lárus:** Eins og málatilbúnaður ESA var fyrir EFTA dómstólum þá var verið að byggja á því að það sé einhver ábyrgð langt umfram það sem kemur fram í lagasetningunni og tilskipuninni, að það komi ekki í ljós fyrir en síðar hvaða skuldbinding felst gagnvart ríki eins og í þessu tilviki. Sem betur fer komst EFTA dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að það ætti ekki við í þessu tilviki.

**Stefán Már:** Það er undirliggjandi að bæði dómstólar ESB og EFTA hafa verið að beita framsækinni lagatúlkun í stórum stíl sem leiðir til þess að textinn verður minna áberandi en það markmið ESB með lögunum sem á að nást. Ég held að hræðsla manna hér við að dómurinn myndi dæma okkur í óhag byggist einmitt á þessu. Það gerðist ekki og er sigur fyrir EFTA dómstóllinn og réttarríkið sem slíkt.

**Lárus:** EFTA dómstóllinn á skilið hrós fyrir að hafa dæmt að lögum vegna þess að hann er undir gríðarlegum þrýstingi. Vinir okkar á Norðurlöndum voru til dæmis algjörlega á bandi ESA í þessu máli og framkvæmdastjórn ESB var aðili að því. Það er því ekki skrítið að menn hafi óttast niðurstöðuna.

## Lærdómur fyrir litla þjóð

*Eyvindur: Svo virðist sem gengið hafi verið út frá því í ESB að bankar frá öllum ríkjum, hversu stór sem þau eru, geti keppt á jafnræðisgrundvelli og nýtt sér regluverkið sem einkaaðilar til að starfa. Stjórnvöld í heimaríkinu geti hins vegar lítið gert til að takmarka þá starfsemi en þurfi svo engu að síður að borga ef eitthvað klikkar.*

**Lárus:** Menn óttuðust mest þá niðurstöðu að við værum að mismuna aðilum og bærum þess vegna ábyrgð á mögulega allri upphæðinni. Við bentum á það, sem EFTA dómstóllinn byggði síðar á sína niðurstöðu, að það væri verið að endurreisa fjármálakerfið og þetta væri hluti af þeirri aðgerð. Þetta varðaði ekki beitingu á innistæðutryggingakerfinu heldur fyrst og fremst það að fjármálakerfið væri hrundið og að þetta væri hluti af endurreisn þess. Við vorum að flytja innistæðurnar yfir í nýja banka til að tryggja starfhæft fjármálakerfi í landinu.

*Eyvindur: Hver er lærdómur Icesave málsins fyrir Ísland í samskiptum við önnur ríki?*

**Lárus:** Við erum lítil þjóð og hinar stærri og sterkari hafa mun meiri áhrif en við, það er augljóst. Holland og Bretland eiga auðveldara með að fá aðrar þjóðir til fylgilags við sig en við og meira að segja Norðurlandaþjóðirnar töldu standa sér nær að styðja við kröfur þeirra en okkar. Íslendingar þurfa að hefja umræðu um stöðu smáríkja á alþjóðlegum vettvangi. Að lenda í þeirri stöðu að stórþjóðir komist upp með að nýta sér það ástand sem hér var til að ná fram óeðlilegri niðurstöðu í máli er eitthvað sem þarf að velta fyrir sér.

**Stefán Már:** Við þurfum einhvers konar neyðarhnapp, þannig að hægt væri að leita óháðs lögfræðilegs álits lögfræðinga utan kerfisins, hvort heldur innlendra eða erlendra.

## AÐ HVERJU ÞARF ÉG AÐ HUGA?

- lífeyrissjóði og eftirlaunum
- vörn gegn tekjumissi vegna veikinda eða slysa
- skipulegum sparnaði
- uppbyggingu eigna

Almenní lífeyrissjóðurinn veitir faglega og persónulega ráðgjöf og fer vel yfir þín mál.

Hafðu samband við okkur og við finnum hentuga leið fyrir þig og þína

Borgartúni 25 • sími 510 2500 • [www.almenni.is](http://www.almenni.is)



# Úr klakaböndum Icesave

FÖSTUDAGINN 1. FEBRÚAR síðastliðinn stóð Lögfræðingafélag Íslands fyrir hádegisverðarfundum um niðurstöðu EFTA dómstólsins í Icesave-málinu svokallaða. Fundurinn var haldinn á Grand Hótel Reykjavík en þar fluttu framsöguerindi þau Kristín Haraldsdóttir, sérfræðingur hjá Háskólanum í Reykjavík, og Reimar Pétursson hrl.

Kristín og Reimar voru bæði í málflutningsteymi Íslands við rekstur málsins fyrir dómstólnum og er því óhætt að segja að þekking þeirra á viðfangsefninu hafi verið mikil. Þau skiptu erindum sínum þannig niður að Kristín fjallaði aðallega um sakarefni málsins og ákvörðunarástæður dómstólsins fyrir niðurstöðu sinni á meðan Reimar fjallaði í sínu erindi um áhrif niðurstöðunnar fyrir Ísland og hugsanlega önnur aðildarríki Evrópusambandsins.

## Sérstaklega vel og ítarlega rökstuttur dómur

Kristín sagði í erindi sínu að dómstóllinn hefði komist að þeirri afdráttarlausu niðurstöðu að enga skyldu aðildarríkja um að tryggja innstæður með ríkisábyrgð væri að finna í ákvæðum hinnar umþrættu Evróputilskipunar. Þá sagði hún að þrátt fyrir að aðildarríki innan EES hefðu ríkt svigrúm til mats við ákvarðanir sínar og að mismunun gæti í sumum tilvikum verið réttlæt看leg, hafi dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að íslensk stjórnvöld hefðu ekki mismunað hollenskum og breskum innstæðueigendum með aðgerðum sínum. Dómstóllinn hefði rakið það í ítarlegu máli hvernig íslensk stjórnvöld hefðu ekki gerst sek um mismunun og hefði dómstóllinn jafnvel lagt lykkju á leið sína við að útskýra hvers vegna engin mismunun hefði átt sér stað. Þannig hafi dómstóllinn farið út fyrir hefðbundinn rökstuðning og svarað álitafnum umfram raunverulegt sakarefni málsins.

## Málið er úr sögunni

Reimar vakti athygli fundarmanna á því að í málinu hefði framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins í fyrsta sinn stefnt sér inn í dómsmál hjá EFTA dómstólnum með meðalgöngu. Hann sagði að í málflutningi framkvæmdarstjórnarinnar fyrir dómstólnum hefði verið fullyrt að málið væri Evrópusambandinu afar mikilvægt og að niðurstaða þess hefði rík áhrif á framkvæmd og réttaráhrif innstæðutrygginga innan sambandsins. Af þeim sökum hefði framkvæmdarstjórnin stefnt sér inn í málið og stutt sjónarmið Eftirlitsstofnunar EFTA gegn Íslandi. Það væri því alveg ljóst að fordæmisgildi dómsins væri verulegt.

Í kjölfar dómsins spunnust umræður í fjölmiðlum og á Alþingi um hugsanlegar afleiðingar dómsins fyrir Ísland og hvað Evrópusambandið myndi í framhaldinu gera gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Það væri því vafamál hvort málinu væri í raun lokið. Reimar taldi þó ástæðulaust að velja þessu fyrir sér. Dómurinn fæli í sér skýra og endanlega niðurstöðu um úrlausn á þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands og í hans huga væri málið einfaldlega úr sögunni.

Reimar tók undir orð Kristínar um að dómurinn væri afar vel rökstuddur. Evrópusambandið hefði reynt að beita miklum pólitískum þrýstingi í málinu og að trúverðugleiki EFTA dómstólsins hefði aukist verulega með dómnum. Það mætti sjá af umfjöllun í erlendum fjölmiðlum. „Það er rík ástæða til að hrósa EFTA dómstólnum fyrir að hafa staðist þennan þrýsting og staðið vörð um sjálfstæði sitt í þessu stóra deilumáli,“ sagði Reimar á fundinum.

## Umræður á fundinum

Í kjölfar framsöguerinda gafst fundarmönnum kostur á að beina spurningum til þeirra Reimars og Kristínar. Ein spurningin varðaði málskostnaðarákvörðun dómsins en í dómnum var Eftirlitsstofnun EFTA




Kristín Haraldsdóttir.



Reimar Pétursson.

gert að greiða allan kostnað Íslands af málarekstrinum. Þetta hafa sumir talið vera vísbendingu um það hve mikill sigur Íslands hafi verið í málinu. Kristín svaraði því til að málskostnaðarákvörðun dómsins væri eðlileg og í samræmi við þá reglu dómstólsins að sá aðili sem tapar í máli er dæmdur til að greiða málskostnað gagnaðilans. Í þessari málskostnaðarákvörðun fælist því ekkert mat á réttmæti krafna Eftirlitsstofnunar EFTA. Aðspurð hversu hár kostnaður Íslands af málarekstrinum hefði verið, var svar Kristínar og Reimars einfalt: „Ekki hugmynd“.

*Haukur Örn Birgisson hrl.*



# Dómasafn Creditinfo



Í Dómasafni Creditinfo er að finna alla hæstaréttardóma sem fallið hafa frá stofnun Hæstaréttar árið 1920, auk þeirra dóma undirréttar sem áfrýjað hefur verið. Mikil áhersla er lögð á gæði safnsins og á að dómar séu ávallt réttir. Leitarvél hefur nýlega verið endurhönnuð og beygingarorðasafn tengt við hana. Margvísleg leitarskilyrði spara notendum tíma og auðvelda leit að þeim dómum sem þörf er á.

Tryggðu þér aðgang að nýju og endurbættu dómasafni Creditinfo

Nánari upplýsingar um Dómasafn Creditinfo má finna á [www.creditinfo.is](http://www.creditinfo.is) eða í síma 550-9600.



# Dómkvaddir matsmenn



Björn Þorri Viktorsson.



Ingvar Sveinbjörnsson.

UM MIÐJAN FEBRÚAR hélt Matsmannafélag Íslands fræðslufund þar sem Ingvar Sveinbjörnsson hrl. og Björn Þorri Viktorsson hrl. fjölluðu um dómkvaðningu matsmanna, matsgerðir þeirra fyrir héraðsdómi sem og um niðurstöður nýlegra dóma en dómstólar virðast bera mikið traust til dómkvaddra matsmanna og byggja dóma oft á niðurstöðum matsgerða.

Mun algengara er að matsferli fari fram í einkamálum heldur en í opinberum málum en í IX. kafla einkamálalaga nr. 91/1991 er fjallað um mót og sönnunargildi þeirra. Ákvæði 61. gr. heimilar dómkvaðningu matsmanna til að framkvæma mat á nánast hverju sem er að undanskildum lögfræðilegum spurningum.

## Val á matsmanni

Það er mikilvægt í upphafi að aðilar máls komi sér saman um matsmann eða matsmenn. Til að koma í veg fyrir að

matsmaður verði fenginn að máli þarf að hafa málefnaleg sjónarmið, bæði hvað varðar almennt og sérstakt hæfi. Ef aðilum tekst ekki að koma sér saman um matsmann sér dómari um valið af lista sem er til hjá dómstólum og/eða dómari kannar sérstaklega hver komi til greina.

Þótt unnt sé að senda matsbeiðni til viðkomandi embættis án samráðs við gagnaðila þá geta komið upp mörg álitaefni ef menn eru ekki sammála um matsmenn. Það getur einnig komið upp að dómari samþykki ekki að það verði dómkvaddir matsmenn en þá ákvörðun er hægt að kæra til Hæstaréttar. Að sama skapi er mikilvægt að hlutleysi matsmanna verði ekki dregið í efa og matsmenn sjálfir geri grein fyrir því ef þeir telji líkur á að þeir uppfylli ekki hæfisskilyrði einkamálalaganna til að vera dómkvaddir.

## Orðalag spurninga

Mjög mikilvægt er að vanda orðalag spurninga í matsbeiðni enda svarar matsmaður einungis því sem hann

er spurður um. Það er til dæmis ekki nóg að spyrja hvað kosti að gera við tiltekinn galla heldur þarf að spyrja hvort um galla sé að ræða. Fyrir stuttu féll dómur í máli þar sem matsmenn voru ekki spurðir hvort um væri að ræða hönnunargalla en samt var á því byggt í málinu. Þótt í sumum tilvikum geti nægt að spyrja matsmenn fyrir dómi þegar þeir koma til að staðfesta matsgerð sína þá er það ekki sjálfgefið og svo var ekki í þessu tiltekna máli.

## Matsfundir

Matsmenn þurfa að boða skriflega til fundar þá aðila sem kveðja á til matsfundar samkvæmt matsbeiðni. Málsaðilar verða að staðfesta móttöku tilkynningar um matsfund enda getur það valdið ógildingu mats ef allir aðilar eru ekki boðaðir á matsfund með sannanlegum hætti.

Mikilvægt að koma að nýjum spurningum á matsfundum ef tilefni gefst til. Ef báðir aðilar eru sammála um að koma að spurningum þá er hægt að koma því að en annars þarf að semja viðbótarmatsspurningu og koma henni til dómara sem framhaldsmatsbeiðni. Oftast samþykkja lögmenn viðbótarmatsspurningar, enda séu þær málefnalegar og varði hagsmunum aðila.

## Kostnaður

Dómkvaðning matsmanna er dýrt úrræði sem á ekki að beita nema brýna nauðsyn beri til. Lögmenn þurfa sérstaklega að huga að því að kynna skjólstaðingum sínum þann kostnað sem öflun matsgerðar hefur í för með sér. Það fer betur á því að velta fyrir

sér kostnaðarhliðinni áður en farið er af stað með dómkvaðningu. Málskostnaður vegna matsgerðar lendir í bráð á þeim sem biður um gerð hennar og matsmaður þarf ekki að afhenda matgerð nema gegn greiðslu. Vinni sá sem óskar matsbeiðnar mál fyrir dómi, fær hann almennt séð útlagðan matskostnað tildæmðan úr hendi gagnaðilans sem hluta af málskostnaði. Tapi hann á hinn bóginn málinu, situr hann að jafnaði uppi með útlagðan matskostnað. Sem dæmi má nefna dómsmál vegna galla, þ.m.t. hönnunargalla í stóru fjölbýlishúsi þar sem meintir gallar voru metnir á rúmar 30 milljónir. Dæmdar bætur í málinu í Hæstarétti voru svipaðar og málskostnaður málshefjanda og er þá ekki talinn með málskostnaður varnaraðila.

## Rétt unnið matsferli

Mikilvægt er að matsferlið sé rétt unnið og að matsmenn gæti fyllsta hlutleysis í störfum sínum. Þeir þurfa að gæta þess að matsaðilar og fulltrúar þeirra fái boðanir á matsfundum, eigi þess jafnan kost á að leggja fram gögn og koma fram sjónarmiðum sínum. Fundargerðir matsfunda eru gríðarlega mikilvæg skjöl og gott að gefa aðilum kost á að reifa málun munnlega fyrir matsmönnum. Þá er mjög mikilvægt að dagssetja matsgerð og undirrita hana en á því er stöku sinnum misbrestur.

## FERILL DÓMKVADDRA MATA

- Matsbeiðni skrifuð. Áður hafa aðilar komið sér saman um matsmenn.
- Orðalag spurninga. Matsmenn svara einungis því sem spurt er um.
- Matsbeiðni send dómara í viðkomandi umdæmi eða héraðsdómi.
- Fyrirtaka máls hjá dómara. Dómari boðar áður aðila skriflega til fyrirtöku í dómi. Ef aðilar eru sammála um matsmenn eða matsmann tekur dómari það að öllu jöfnu til greina. Umræður um matsmenn. Máli hugsanlega frestað til frekari skoðunar og síðan önnur fyrirtaka. Dómari hafnar dómkvaðningu. Mótmæli gegn dómkvaðningu. Kæra til Hæstaréttar.
- Dómkvaðning matsmanna eða matsmanns.
- Matsbeiðandi eða umboðsmaður hans kemur útskrift úr þingbók um dómkvaðningu, matsbeiðni og öðrum gögnum til matsmanna.
- Matsmaður fær gögn í hendur og bókar hvenær hann fær gögnin. Matmaður kannar hæfi sitt ef það er ekki þegar búið.
- Matsmaður boðar skriflega til fundar þá aðila sem kveðja á til matsfundar.
- Matsfundur og framhaldsmatsfundir.
- Ný gögn. Ef eitthvað nýtt kemur fram skal kynna málsaðilum það.
- Matsgerð samin. Niðurstöður þarf að rökstyðja.
- Matsgerð undirrituð og dagsett.
- Matsgerð skilað til matsbeiðanda. Eintak fer ekki til gagnaðila. Fjöldi eintaka ræðst af aðstæðum í hverju máli.
- Greiðsla fyrir matsgerð. Ekki þarf að afhenda matsgerð nema gegn greiðslu.
- Matsgerð kynnt gagnaðila eða lögð fram í dómsmáli.
- Niðurstaða matsgerðar þess eðlis að mál er fellt niður. Sættir takast á grundvelli matsgerðar. Greitt á grundvelli matsgerðar. Einkamáli haldið áfram. Dómsmál höfðað. Beðið um yfirmat.
- Skýrslur matsmanna fyrir dómi.
- Dómur.
- Áfrýjun til Hæstaréttar.
- Dómur Hæstaréttar.

# Minnkandi aðsókn við lagadeildir bandarískra háskóla

NÝLEGA BIRTIST Í netútgáfu tímarits bandaríska lögmannafélagsins (ABA), grein um breytta stöðu lagadeilda bandarískra háskóla vegna sífellt minni aðsóknar í laganám þar í landi. Í greininni kemur m.a. fram að miðað við þróun umsókna um laganám fyrir skólaárið 2013 megi búast minnstu aðsókn í laganám í um 30 ár. Þannig er gert ráð fyrir að fjöldi umsókna verði um 53.000 í ár, en til samanburðar hafi um 100.000 umsóknir borist lagadeildum frá árinu 2004. Í greininni er vísað til úttektar The New York Times þar sem segir að fjölmargar lagadeildir undirbúi því mikinn niðurskurð auk þess sem þær veiti nú inngöngu nemendum sem annars hefðu ekki komist að.

## Hækkun skólagjalda

Sérfræðingar rekja þennan minnkandi áhuga á laganámi meðal annars til hækkunar skólagjalda síðustu ár og fækkunar vellaunaðra starfa á lögmannsstofum. Haft er eftir prófessor við lagadeild Suður-Kaliforníu háskóla að vandamálið sé ekki „offramleiðsla“ á

lögfræðingum heldur skekkja í framboði og eftirspurn sem endurspeglast m.a. í því að enn sé mikil eftirspurn eftir lögfræðingum í fyrirtækjalögfræði en vaxandi skortur sé á lögfræðingum sem sinna hefðbundnum lögfræðistörfum fyrir almenning, t.a.m. í skilnaðarmálum, greiðsluerfiðleikamálum o.fl. Stóru fyrirtækin sem enn sækjast eftir lögfræðimenntuðum einstaklingum til vinnu eru hins vegar ósátt við áherslur lagadeilda á kennslugreinar á kostnað starfsþjálfunar.

## Stórfelldar uppsagnir

Þá er haft eftir prófessor við lagadeild Chicago-háskóla að búast megi við því að allt að tíu háskólar leggi niður lagadeildir sínar á næsta áratug og að helmingur til þrjár fjórðu hlutar háskóla muni draga úr umsvifum sínum, fækka starfsfólki og minnka bekkjardeildir. Prófessor við lagadeild Indiana-háskólans segir að jafnvel verði þessara breytinga að vænta strax í haust. Á 9. og 10 áratug síðustu aldar hafi framhaldsskólanemendur sem ekki höfðu tekið ákvörðun um

framtíðarstarfið gjarnan skráð sig í laganám. Nú séu aðrir tímar og sú staðreynd að nemendur geti setið uppi með 120.000 dollara (ca. 15.000.000 króna) námslánaskuld eftir námslok og algera óvissu um starfsmöguleika, fæli ungt fólk frá því að feta þessa braut. Fyrirsjáanlegar séu því stórfelldar uppsagnir kennara og starfsfólks lagadeilda á næstunni þar sem þær fái ekki nægan nemendafjölda til að standa undir rekstrarkostnaði.

## Staðan á Íslandi

Í ljósi þessa er vert að velta fyrri sér stöðu lagadeilda íslenskra háskóla og hvort búast megi við svipaðri þróun hér á landi á næstu misserum og árum. Hversu margir stunda nú laganám við lagadeildir íslenskra háskóla og hvaða starfsmöguleika eiga þessir nemendur að námi loknu? Í þessu samhengi væri vert að skoða hvort fullnægjandi langtíma menntastefna hafi verið mótuð hér á landi og í hverju hún felist?

II



## Stólpar & MP banki Viðskipti í stöðugri uppbyggingu

Stólpar hafa skýra sýn á það hvernig á að byggja til framtíðar. Þeir vita að það kostar þekkingu, fé og fyrirhöfn að reisa hús. Skýr framtíðarsýn skiptir öllu máli í rekstri fyrirtækja.

**Þess vegna eru Stólpar í viðskiptum hjá okkur.**



GUÐMUNDUR B. ÓLAFSSON HRL.



# Ráðningarsamningar og fíkniefnapróf

AÐ UNÐANFÖRNU HAFA orðið nokkrar umræður um skyldu manna til að gangast undir fíkniefnapróf samkvæmt ráðningarsamningi. Nýverið sagði stórt útgerðarfyritæki upp 13 starfsmönnum sem höfðu greinst með leifar af fíkniefnum í þvagi en í ráðningarsamningi var fyrirtækinu heimilt að láta starfsmenn gangast undir fíkniefnapróf sem gæti leitt til fyrirvaralausrar uppsagnar.

Það sem vekur mann til umhugsunar er hvort ákvæði í ráðningarsamningum um heimild vinnuveitanda til að skipa starfsmönnum að fara fyrirvaralaust í fíkniefnapróf standist lög og hvort brot á slíku samningsákvæði geti réttlætt fyrirvaralausar uppsögn ráðningarsamnings.

Þessi grein er ekki ætlað að vera tæmandi um þetta viðfangsefni en þau ákvæði sem helst koma til athugunar eru 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá koma til skoðunar ákvæði persónuverndarlaga nr. 77/2000 um hvort framkvæmd slíkra prófa falli ekki undir söfnun upplýsinga sbr. 8 gr. laganna en þar er gerð skýr krafa um málefnalegar ástæður fyrir skráningu persónulegra upplýsinga.

## Íþyngjandi ákvæði eða öryggisatriði?

Menn geta samið um allt milli himins og jarðar í ráðningarsamningum nema það brjóti í bága við lög. Hinsvegar er hægt að fá samningsákvæðum vikið frá ef þau eru beinlínis ósanngjörn, sbr. 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Við mat á því hvort unnt er að víkja ákvæðinu frá, og hvaða afleiðingar það hafi ef starfsmaður sinnir ekki boðun um þátttöku í fíkniefnaprófi, verður einkum að líta til forsendna og tilgangs samningsákvæðisins og stöðu aðila við samningsgerð. Hér er um íþyngjandi ákvæði að ræða fyrir starfsmenn er varðar athafnir þeirra utan vinnusambandsins og því þurfa að vera gild rök fyrir slíku ákvæði.

Af hálfu vinnuveitanda hefur meðal annars verið litið til öryggissjónarmiða, hvort sem er vegna hættu við framkvæmd starfa eða starfa við umsjón með lyfjum. Því hefur verið borið við að störfín séu þess eðlis að rétt sé að gera ríkar kröfur til starfsmanna um að það sé hafið yfir vafa að þeir neyti ekki fíkniefna. Þessi rök eru góð og gild ef fyrirtækið getur sýnt fram á að starfsemin sé þess eðlis að ákvæði í ráðningarsamningum um fíkniefnapróf séu réttlæt看anleg. Í öðrum

tilvikum, til að fylgja eftir markmiðum um fíkniefnalaust fyrirtæki, tel ég að hagsmunir vinnuveitanda séu ekki nægilegir til að réttlæta svo íþyngjandi ákvæði og inngrip í friðhelgi einkalífs starfsmanns.

Vinnuveitandi hefur ekkert með það að gera hvernig starfsmenn eyða sínu fríi nema fríundaiðkun þeirra komi í veg fyrir að þeir mæti fullfrískir til vinnu og sinni sínum störfum. Samkvæmt meginreglum vinnuréttar ber að gefa aðvörun ef starfsmenn gerast brotlegir í störfum sínum og bæti þeir ekki úr vanefnd, eða brjóti af sér aftur, getur það leitt til fyrirvaralausrar uppsagnar. Starfsmaður sem er undir áhrifum vímuefna eða áfengis í vinnu á því á hættu að missa vinnuna fyrirvaralaust brjóti hann af sér á ný. Hins vegar verður að hafa í huga að leifar af fíkniefnum geta greinst í þvagi í margar vikur eftir neyslu, án virkni. Eins getur verið að menn neyti lögmætra lyfja samkvæmt lyfseðli, sem skilja eftir sig leifar af efnum sem skilgreind eru sem fíkniefni. Það að leifar af fíkniefnum finnist í þvagi segir ekki allt um ástand mannsins er hann mætir til vinnu. Maður sem neytir áfengis einum eða tveimur dögum fyrir vinnudag getur því verið mun verr á sig kominn en sá sem neytt hefur fíkniefna viku áður.



Ef leifar af fíkniefnum finnast í þvagi starfsmanns við skoðun þá getur það eitt og sér ekki réttlætt fyrirvaralausa uppsögn nema til komi öryggissjónarmið eins og áður er nefnt. Hér kæmu fyrst til skoðunar reglur um aðvörun, sem hugsanlega gætu leitt til uppsagnar síðar, en ef um enga virkni er að ræða þá tel ég varhugavert að segja manni upp fyrirvaralaust þrátt fyrir aðvörun.

## Málefnaleg rök nauðsynleg

Ákvæði í ráðningarsamningum um fíkniefnapróf, sem leitt geta til fyrirvaralausar uppsagnar, án þess að um málefnaleg rök vinnuveitanda sé að ræða tel ég ekki

standast út frá sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs og persónuvernd nema ótvíræðir hagsmunir vinnuveitanda leiði til slíks. Líklegt er að slíku samningsákvæði yrði vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. samningalaga þar sem ákvæðið teldist ósannjarnt og ómálefnalegt og það legði íþyngjandi skyldur á launþegann er snúa að persónulegum rétti hans. Ber þá einnig að líta til þess að staða starfsmanna við samningsgerð er að öllu jöfnu mun lakari en vinnuveitanda og á starfsmaður ekki auðvelt með að neita að skrifa undir samning með slíku ákvæði við ráðningu.

Það að heimildin um fíkniefnapróf sé bundinn í ráðningarsamning veitir ekki

ótvíræða heimild til framkvæmdar slíks prófs og til samanburðar má nefna ákvæði um skoðun á tölvupósti starfsmanna sem oft hefur verið úrskurðað um að sé takmörkunum háð þrátt fyrir ákvæði í reglum eða samningum.

Ég tel að það samræmist ekki eðli ráðningarsamninga að í þeim séu íþyngjandi ákvæði þar sem vinnuveitanda er heimilt að hnýsast í einkalíf starfsmanns utan vinnu, nema ríkir hagsmunir vinnuveitanda vegna eðli starfars séu í húfi. Hvað þá að ráðningarsamningar séu notaðir til að búa til fíkniefnalaust bæjarfélag eins og einhverjum hefur dottið í hug.

## BREYTING Á FÉLAGATALI

### NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

#### Grímur

#### Sigurðarson hrl.

Opus lögmenn  
Austurstræti 17  
101 Reykjavík  
Sími: 415-2200

#### Guðjón

#### Ármannsson hrl.

Lex lögmennsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

#### Heiðar Örn

#### Stefánsson hrl.

LOGOS  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

#### Helgi Bragason hrl.

Lögmennsstofa  
Vestmanneyja ehf.  
Kirkjuvegi 23  
900 Vestmanneyjar  
Sími: 488-1600

#### Pórhallur Haukur Porvaldsson hrl.

VERITAS lögmenn  
Borgartún 28  
105 Reykjavík  
Sími: 571-5040

### NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

#### Andrea Olsen hdl.

Logos  
lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

#### Árni Freyr

#### Árnason hdl.

BBA legal  
Höfðatorgi, 18. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 550-0530

#### Áslaug Elín

#### Grétarsdóttir hdl.

Lýsing hf.  
Ármúla 3  
108 Reykjavík  
Sími: 540-1582

#### Bjarki Ólafsson hdl.

LOGOS  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

#### Dagný Ósk

#### Aradóttir Pind hdl.

Rafiðnaðarsamband  
Íslands, MATVÍS,  
Lífeyrissjóðurinn Stafir  
Stórhöfða 31  
110 Reykjavík  
Sími: 580-5287

#### Elfa

#### Antonsdóttir hdl.

Juris slf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 580-4400

#### Elín Ósk

#### Helgadóttir hdl.

Embætti  
borgarlögmans  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík  
Sími: 411-4100

#### Eypóra

#### Hjartardóttir hdl.

Vegagerðin  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík  
Sími: 522-1092

#### Fanney Hrund

#### Hilmarsdóttir hdl.

Réttur –  
Aðalsteinsson &  
Partners  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík  
Sími: 480-2900

#### Gróa Björg

#### Baldvinsdóttir hdl.

Landslög  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 865-3835

#### Ingvar

#### Christiansen hdl.

Landsvirkjun  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík  
Sími: 515-9213

#### Ívar Þór

#### Jóhannsson hdl.

CATO lögmenn  
Höfðatorgi  
105 Reykjavík  
Sími: 595-4545

#### Laufey

#### Sigurðardóttir hdl.

Arion banki  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-6199

#### Jóna Benný

#### Kristjánsdóttir hdl.

Sjúkratryggingar  
Íslands  
Laugavegi 116  
101 Reykjavík  
Sími: 515-0000

#### Kristján Geir

#### Pétursson hdl.

Mörkin  
lögmennsstofa  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
Sími: 414-4100


**Ríkarður Másson hdl.**

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki  
Iðtúni 16  
550 Sauðárkróki  
Sími: 453-5154

**Sonja Gunnarsdóttir hdl.**

LBI hf. – í slitameðferð  
Álfheimum 74  
104 Reykjavík  
Sími: 410-3966

**Sóley Ragnarsdóttir hdl.**

Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 585-0700

**Sigurður Kári Árnason hdl.**

Lex lögmannsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

**Sveinbjörn Claessen hdl.**

Landslög  
lögfræðistofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 520-2926

**Unnur Birna Vilhjálmisdóttir hdl.**

Íslenska  
lögfræðistofan  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogur  
Sími: 412-2800

**Sonja Marsibil Þorvaldsdóttir hdl.**

Landsbankinn hf.  
Austurstræti 11  
101 Reykjavík  
Sími: 410-7789

**Tómas Magnús Þórhallsson hdl.**

BBA legal ehf.  
Höfðatorgi, 18. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 550-0500

**Pröstur Þór Guðmundsson hdl.**

Landsbankinn hf.  
Austurstræti 11  
101 Reykjavík  
Sími: 691-1221

**Þórður Már Jónsson hdl.**

Kringlunni 4-12,  
9. hæð.  
103 Reykjavík  
Sími: 693-6666

**ENDURÚTGEFIN  
MÁLFLUTNINGS-  
RÉTTINDI**
**Benedikt Einarsson hdl.**

Atlantik Legal  
Services ehf.  
Höfðatorgi, 17. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 415-4725

**Elva Ósk Wíium hdl.**

EGS lögmennt  
Skógarhlíð 12  
105 Reykjavík  
Sími: 563-1800

**Herdís Pálsdóttir hdl.**

Jónatansson & Co.  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími: 533-3434

**Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir hdl.**

Málþing  
lögmannsstofa  
Ingólfsstræti 3  
101 Reykjavík  
Sími: 561-8200

**Ragnheiður Jónsdóttir hdl.**

RJ lögmennt  
Blómvallagötu 13  
101 Reykjavík  
Sími: 695-6842

**Þorsteinn Pétursson hdl.**

Málþing ehf.  
Ingólfsstræti 3  
101 Reykjavík  
Sími: 561-8200

**NÝR VINNUSTADUR**
**Bogi Guðmundsson hdl.**

Atlantik Legal  
Services ehf.  
Höfðatorgi, 17. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 415-4725

**Daníel Isebarn Ágústsson hrl.**

Málflutningsstofa  
Reykjavíkur  
Kringlunni 7  
105 Reykjavík  
Sími: 571-5400

**Daði Ólafur Elíasson hdl.**

Íslög ehf.  
Túngötu 6  
101 Reykjavík  
Sími: 414-7401

**Dagmar Sigurðardóttir hdl.**

Ríkiskaup  
Borgartúni 7c  
105 Reykjavík  
Sími: 530-1400

**Erna Heiðrún Jónsdóttir hdl.**

LOGOS  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0030

**Eggert Bjarni Ólafsson hdl.**

Samkeppnisráðgjöf  
Háaleitisbraut 68  
105 Reykjavík  
Sími: 511-4589

**Guðrún Hólmsteinsdóttir hdl.**

Glitnir hf.  
Sóltúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 844-2577

**Guðrún Halla Danielsdóttir hdl.**

Seðlabanki Íslands  
Kalkofnsvegi 1  
150 Reykjavík  
Sími: 569-9600

**Halldór Karl Halldórsson hdl.**

Aktis lögmannsstofa  
Ármúla 17  
108 Reykjavík  
Sími: 414-3050

**Halldór Oddsson hdl.**

Alþýðusamband  
Íslands  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík  
Sími: 535-5618

**Lilja Bjarnadóttir hdl.**

Forum lögmennt  
Álfatúni 37  
200 Kópavogi  
Sími: 843-0611

**Magnús Óskarsson hdl.**

Lögmál ehf.  
Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík  
Sími: 511-2000

**Ólafur Kjartansson hdl.**

Drómi hf.  
Lágmúla 6  
108 Reykjavík  
Sími: 540-5013

**Sigurður S. Júlíusson hdl.**

Íslög ehf.  
Túngötu 6  
101 Reykjavík  
Sími: 414-7400

**Tómas Hrafn Sveinsson hdl.**

Málflutningsstofa  
Reykjavíkur  
Kringlunni 7  
103 Reykjavík  
Sími: 571-4000

**NÝTT AÐSETUR**
**Bjarki Sigursveinsson hdl.**

Mánagötu 8  
105 Reykjavík  
Sími: 821-5644

**Bjarnveig Eiríksdóttir hdl.**

Evrópulög  
Garðarstræti 37  
101 Reykjavík  
Sími: 691-8701

**Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.**

Lögvík ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík  
Sími: 511-1990

**Kr. St. lögmannsstofa ehf.**

Kristján Stefánsson hrl.  
Jón B. Kristjánsson hdl.  
Kristjana Jónsdóttir hdl.  
Páll Kristjánsson hdl.  
Stefán K. Kristjánsson hdl.  
Hafnarhvoli,  
Tryggvagötu 11  
101 Reykjavík  
Sími: 551-6412

**Stefán Þór Bjarnason hdl.**

Artica Finance  
Höfðatorgi, 15. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 820-6362

**Réttarbót lögmannsstofa**

Snorri Steinn Vídal hdl.  
Sif Eir Magnúsdóttir hdl.  
Malarhöfða 8  
110 Reykjavík  
Sími: 650-2165

**Puríður B. Sigurjónsdóttir hdl.**

Íslenskir  
lögmennt ehf.  
Reykjavíkurvegi 60  
220 Hafnarfjörður  
Sími: 699-7537

**Örn Höskuldsson hrl.**

Lögmannsstofa Arnar  
Höskuldssonar hrl.  
Arnartanga 27  
270 Mosfellsbær  
Sími: 893-3571



# VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



**TCM INNHEIMTA**  
SUDURLANDSBRAUT 4A  
108 REYKJAVÍK  
[www.tcm.is](http://www.tcm.is)